



FMS 2021-31
ISBN 978-9935-522-14-6

OKTÓBER 2021

Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 - 101 Reykjavík

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

© Ferðamálastofa 2021

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

Netfang: upplysingar@ferdamalastofa.is

Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – 101 Reykjavík

Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Númer: FMS 2021-31

ISBN: 978-9935-522-14-6

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Aðferðir og framkvæmd rannsóknar.....	3
Frá sjónarhóli íbúa: Staða ferðapjónustunnar fyrir COVID-19-faraldurinn	6
Upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðapjónustu í heimsfaraldri	16
Framtíð og endurreisn ferðapjónustunnar	25
Samantekt	37
Umræður og lokaorð – Allir staðir	39
Heimildaskrá	41
Viðauki 1 Spurningalisti fyrir símakönnun.....	43
Viðauki 2 Niðurstöður símakönnunar Tíðnitöflur og bakgrunnsgreining.....	47

Myndaskrá

Mynd 1 Mat íbúa á ánægju með ferðapjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið	13
Mynd 2 Mælikvarðar fyrir ánægju íbúa með ferðapjónustu og mat þeirra á mikilvægi hennar	13
Mynd 3 Upplifun af fækkun ferðamanna - svör frá 101 Reykjavík.....	17
Mynd 4 Upplifun af fækkun ferðamanna - allir staðir.....	18
Mynd 5 Íbúar sem fundu fyrir skertri þjónustu vegna fækkunar ferðamanna - allir staðir	19
Mynd 6 Áhrif COVID-19 á tekjur einstaklinga – allir staðir.....	21
Mynd 7 Atvinnuleysi hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu - allir staðir	22
Mynd 8 Hlutfall þeirra sem fannst íslenskir ferðamenn vera meira áberandi - allir staðir	24
Mynd 9 Mat íbúa á mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir atvinnulíf og á mikilvægi þess að ferðapjónusta nái fyrri styrk	25
Mynd 10 Viðhorf íbúa til mótvægisáðgerða stjórnvalda til stuðnings ferðapjónustu - allir staðir	25
Mynd 11 Viðhorf íbúa til takmarkana stjórnvalda á landamærum - allir staðir	26
Mynd 12 Væntingar íbúa um sjálfbærni við endurreisn ferðapjónustunnar - allir staðir	27
Mynd 13 Hlutfall svarenda sem hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur - allir staðir	32
Mynd 14 Viðhorf íbúa til áframhaldandi markaðssetningar heimabyggðar til að laða að fleiri ferðamenn - allir staðir.....	32
Mynd 15 Afstaða íbúa í 101 Reykjavík til fjölda ferðamanna að loknum heimsfaraldri	33
Mynd 16 Hlutfall íbúa sem taldi mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land	34

Töfluskrá

Tafla 1 Yfirlit yfir viðmælendur í 101 Reykjavík.....	4
Tafla 2 Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar í 101 Reykjavík	5
Tafla 3 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar	22
Tafla 4 Þættir og þáttahleðslur	35
Tafla 5 Alfastuðlar þáttanna.....	35
Tafla 6 Lýsandi tölfræði fyrir þættina.....	35
Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þáttum um endurreisn ferðapjónustunnar í 101 Reykjavík	36

INNGANGUR

Framtíðarsýn Íslenskra stjórnvalda til 2030 er að ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði heimamanna (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Verkefni nr. 3 í Rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2020-2022, sem snýr að mati á viðhorfi Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á tilteknum tíma bæði á landsvísu og eftir landshlutum, er liður í vöktun á viðhorfum heimamanna og tekur mið af þessari framtíðarsýn (Ferðamálastofa, 2020). Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa verið könnuð á hverju ári frá 2014 og verið hluti af reglubundinni gagnasöfnun hins opinbera síðan 2017. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli sem tilviksrannsóknir (e. case studies) í einstökum samfélögum, þrjár til fjórar á ári. Kveikjan að þessum rannsóknum var hin hraða fjölgun í komum erlendra ferðamanna til landsins sem hófst 2011 og náði til ársins 2018 nýjum hæðum á hverju ári. Í rannsóknunum er fylgst með breytingum í viðhorfum og hvort vísbendingar komi fram um álag á heimamenn/samfélag vegna ferðamanna í heimabyggðinni. Öflun og greining gagna viðheldur samfelldri tímalínu um viðhorf heimamanna á Íslandi. Landskannanirnar styðja við álagsmat á Jafnvægisási ferðamála og lykilmælikvarða stjórnvalda til að meta árangur og ávinning ferðaþjónustunnar.

Niðurstöður rannsókna á viðhorfum Íslendinga sýna að í huga heimamanna er ferðaþjónustan ekki bara atvinnugrein sem skapar verðmætar tekjur og atvinnu heldur er hún einnig félagslegt, mótandi afl sem nærir fólk og viðheldur gangverki samfélaga (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Að mati Íslendinga snúa jákvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að efnahagslegum ávinningi, bættum lífsgæðum, fjölbreyttu mannlífi og tilfinningu íbúa um ánægju og bjartsýni. Haustið 2019 sögðu 92% Íslendinga að það myndi hafa afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Þessi sviðsmynd um brotthvarf ferðamanna úr íslenskri ferðaþjónustu var óhugsandi þegar henni var varpað fram.

Ferðamennska hefur áhrif á samfélag heimamanna þegar staður umbreytist í áfangastað en lítið er vitað hvaða áhrif það hefur á heimamenn ef ferðamennirnir hætta skyndilega að koma. Því er brýnt að rannsaka hvernig COVID-19-faraldurinn mótar hegðun og viðhorf ferðamanna og íbúa. COVID-19 getur markað djúp spor í

hugsun og tilfinningar ferðamanna og breytt til frambúðar hvernig fólk ferðast (Zencker og Kock, 2020; Ivanova, Ivanov og Ivanov, 2020). Á sama hátt gæti faraldurinn haft áhrif á viðhorf heimamanna.

Ferðamálastofa fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna áhrif COVID-19-faraldursins á viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðamanna í byggðum landsins. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif breytts landslags í ferðamálum hér á landi, sem rakið er til COVID-19-faraldursins, á viðhorf heimamanna, hvernig heimamenn upplifi breytingarnar og hverju þeir finni mest fyrir. Rannsóknin var gerð á fjórum stöðum: Ísafirði, Höfn í Hornafirði, í Skútustaðahreppi (Mývatnssveit) og 101 Reykjavík. Á þessum stöðum voru gerðar greiningar á viðhorfum heimamanna á árunum 2015 og 2016 sem drógu fram þemu og álitamál tengd ferðamennsku á hverjum stað. Auk þess veita landshlutagögn úr könnun meðal Íslendinga 2019 innsýn í viðhorf heimamanna á Íslandi áður en COVID-19-faraldurinn skall á. Því voru tækifæri fyrir hendi til að draga fram hið breytta ástand í einstökum samfélögum þegar ferðamennirnir komu ekki og ferðaþjónustan stöðvaðist nær alveg. Rannsóknin fór fram veturinn 2020-2021. Tekin voru einstaklingsviðtöl við íbúa á stöðunum fjórum og þeim fylgt eftir með spurningakönnun sem lögð var fyrir úrtak íbúa gegnum síma. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í fjórum samantektarskýrslum fyrir hvern og einn stað.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í 101 Reykjavík, sem afmarkast við Snorrabraut í austri og hverfin norðan Hringbrautar að sjó. Í póstnúmerinu búa 16.140 manns eða um 12% íbúa Reykjavíkurborgar (Hagstofa Íslands, 2021) Miðborgin er miðstöð atvinnu, verslunar og menningar í Reykjavík og þar eru flestir veitinga- og skemmtistaðir borgarinnar (Reykjavíkurborg, e.d.). Reykjavík hefur lengi verið fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Ferðaþjónusta í höfuðborginni er að miklu leyti bundin við miðhluta borgarinnar en uppbygging hefur orðið bæði til austurs og vesturs frá miðju (Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2020-25, e.d.). Hlutfall erlendra ferðamanna í höfuðborginni hefur verið nokkuð stöðugt undanfarin ár, eða á bilinu 90-97% af heildarfjölda ferðamanna á Íslandi (Oddný Þóra Óladóttir, 2020; Ferðamálastofa, 2015). Árið

2019 var fjöldi ferðamanna í borginni um 1,8 milljónir eða 92% af heildarfjölda ferðamanna á landinu, þar af höfðu nær allir farið í miðborgina. Af 1,8 milljónum ferðamanna gistu um 93% á höfuðborgarsvæðinu og voru gistinætur að jafnaði 2,9 (Oddný Þóra Óladóttir, 2020).

Rannsókn á viðhorfum íbúa í 101 Reykjavík til ferðamanna og ferðaþjónustu fór fram árið 2015 (Helgadóttir o.fl., 2019; Guðrún Helgadóttir o.fl., 2016). Í rannsókninni, sem byggði á viðtölum við íbúa og vettvangsrannsókn, kom fram að ferðamenn væru áberandi í miðborginni allt árið um kring og að heimamenn mæti ferðamönnum þar bæði oft og víða. Eining var um að ferðamennskan hefði margvísleg jákvæð áhrif s.s. fjölbreytni og aukna þjónustu. Ferðaþjónustan var að mati íbúa helsta atvinnugreinin í hverfinu en þeir höfðu áhyggjur af ruðningsáhrifum ferðaþjónustu á starfsemi annarra fyrirtækja og íbúabyggð (Guðrún Helgadóttir o.fl., 2016). Kannanir Höfuðborgarstofu á viðhorfum borgarbúa hafa bent til jákvæðni í garð ferðamanna og ferðaþjónustu og að meirihluti íbúa í miðborginni hafi verið sáttur við fjölda ferðamanna í miðborginni (Maskína, 2019). Í könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu árið 2017 komu fram vísbendingar um álag á íbúa höfuðborgarsvæðisins vegna fjölda ferðamanna. Tveimur árum síðar hafði dregið úr álagi en engu að síður voru vísbendingar enn til staðar um staðbundið eða tímabundið álag vegna fjölda (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b).

Skýrslan er í sjö köflum. Á eftir inngangi er gerð grein fyrir framkvæmd og aðferðum rannsóknarinnar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru í þremur hlutum þar sem niðurstöður viðtala og spurningakönnunarinnar fléttast saman. Í þeim fyrsta sjónum beint að stöðu ferðaþjónustunnar í 101 Reykjavík fyrir kórónuveirufaraldurinn út frá sjónarhóli íbúa. Annar hluti fjallar um upplifun íbúa í 101 Reykjavík af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimsfaraldri og í þriðja hluta er gerð grein fyrir hugmyndum íbúa um framtíð og endurreisn ferðaþjónustunnar í heimabyggð að heimsfaraldri loknum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru eftir atvikum bornar saman við fyrri rannsókn á viðhorfum íbúa í 101 Reykjavík frá 2015 (Guðrún Helgadóttir o.fl., 2016) og við könnun á viðhorfum höfuðborgarbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu árið 2019 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b). Undir lok skýrslunnar eru teknar saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar í 101 Reykjavík og í lokaorðum er fjallað um helstu niðurstöður frá öllum

rannsóknarstöðunum með tilliti til þess hvað var sameiginlegt á stöðunum og hvað var ólíkt.

Verkefnastjórn, viðtöl, greining og skýrsluvinna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Umsjón með framkvæmd könnunar og úrvinnslu hrágagna símakönnunar hafði Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Hrágögnum úr símakönnun var skilað til Ferðamálastofu. Aftast í þessari samantekt er að finna tíðnitöflur og bakgrunnsgreiningu fyrir hverja spurningu í könnuninni í 101 Reykjavík. Þar er einnig að finna töflur með niðurstöðum úr hverri spurningu símakönnunarinnar með samanburði milli rannsóknarstaðanna fjögurra.

Höfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakkir fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkir fá íbúar í 101 Reykjavík fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn á fjórum stöðum, þ.e. í miðborg Reykjavíkur (pnr. 101), á Ísafirði (pnr. 400), í Skútustaðahreppi (pnr. 660) og á Höfn í Hornafirði (pnr. 780). Notast var við blandað rannsóknarsnið þar sem bæði eigindlegum og megindegum aðferðum var beitt. Eigindlegar aðferðir eru til þess fallnar að dýpka skilning á viðhorfum heimamanna en megindeglegar aðferðir gefa yfirlit yfir viðhorf heimamanna og gera rannsakendum kleift að draga ályktanir um þýðið, að uppfylltum tölfræðilegum forsendum (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir, 2016). Sömu aðferðum var beitt á öllum stöðunum fjórum. Gagna var aflað með viðtölum við íbúa og með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma.

Viðtöl

Á öllum rannsóknarstöðunum voru tekin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við íbúa þar sem umræðuefnið var fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Viðmælendur voru valdir með hentugleikaúrtaki einstaklinga sem búa á rannsóknasvæðunum. Áhersla var lögð á að ná til einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa fasta búsetu á viðkomandi svæði og hafa ekki ferðaþjónustu að aðalstarfi. Það skal þó tekið fram að í einstaka tilvikum komu í ljós tengsl viðmælenda við ferðaþjónustu sem ekki var vitað um en viðkomandi var áfram þátttakandi í rannsókninni.

Í viðtölunum var leitað eftir ítarlegri upplýsingum og dýpri skilningi á viðhorfum og upplifun íbúa á ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggð í breyttum aðstæðum vegna COVID-19-faraldursins en hægt er að ná fram með megindegri spurningakönnun. Viðtökur þátttakenda fóru langt fram úr væntingum og í mörgum viðtölum tjáðu viðmælendur ánægju sína um að fá að ræða við hlutlausu aðila um upplifun þeirra af áhrifum og stöðu ferðaþjónustunnar á daglegt líf í þeirra heimabyggð í miðjum heimsfaraldri. Þegar gagnaöflun lauk var heildarfjöldi viðtala 44 og var rætt við 20 karla og 24 konur og var meðallengd viðtala 59 mínútur.

Með viðtölunum er skrásett hvernig einstaklingar færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku í breyttum veruleika í miðjum heimsfaraldri og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram. Viðtölin varpa ljósi á það hvers vegna tilteknir áhrifaþættir eru mikilvægir í augum íbúa og hvernig íbúar bregðast við þeim. Viðtölin hafa ekki alhæfingargildi fyrir niðurstöður rannsóknarinnar heldur dýpka þau skilning á niðurstöðum spurningakönnunarinnar á hverjum stað (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir; Veal, 2006).

Til að nálgast viðmælendur var farið í gegnum svokallaða lykilmenn eða tengiliði ýmist á svæðunum eða sem höfðu tengsl við svæðin og höfðu það hlutverk að koma með ábendingar um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind skilyrði. Símanúmera var aflað gegnum upplýsingavefinn Já þar sem hægt er að nálgast skráð símanúmer einstaklinga. Notast var við Excel töflureikni til að raða nöfnunum upp á handahófskenndan hátt. Samband var haft við einstaklinga samkvæmt uppröðun töflureiknisins, þeim kynnt rannsóknin og boðin þátttaka. Ef ekki náðist í einstakling var hringt í þann næsta og svo koll af kolli. Ef einstaklingur samþykkti þátttöku var hann beðinn um að gefa upp netfang og fékk sent kynningarbréf um rannsóknina, sem einnig innihélt ítarlegar upplýsingar um ábyrgðaraðila, hljóðritun, meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, rétt þátttakenda til að hætta við þátttöku og staðfestingu á viðtalstíma. Viðmælendur voru beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku. Hvorki var farið fram á né unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Viðtölin fóru fram á tímabilinu 2. desember 2020 – 24. febrúar 2021, ýmist í síma eða gegnum fjarbúnað til að tryggja örugga samskiptafjarlægð og minnka útbreiðslu á COVID-19. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð. Afrituð gögn voru kóðuð og greind með forritinu QDA Miner. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu í rannsókninni voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt kröfum um trúnað og nafnleynd. Til aðgreiningar var viðmælendum gefinn bókstafur, sem vísar til fyrsta stafs hvers staðar (t.d. einstaklingur á Ísafirði var aðgreindur með bókstafnum Í, einstaklingur á Höfn með H o.s.frv.) og númeri.

Í miðborg Reykjavíkur var rætt við 7 konur og 5 karla á aldrinum 24-68 ára. Fjórir viðmælendur höfðu tengsl við ferðaþjónustu, þar á meðal var eigandi gistiheimilis, fólk sem hafði haft íbúð/herbergi til útleigu hjá Airbnb í miðborginni og einstaklingar sem höfðu unnið við leiðsögn einhvern tímann á ævinni. Í töflu 1 má sjá númer viðtala (R=Reykjavík), kyn, uppruna viðmælenda og aldurshóp. Ekki er gerð frekari grein fyrir bakgrunni viðmælenda í rannsókninni þar sem frekari upplýsingar um starfsstéttir, þjóðerni, félagastörf o.s.frv. kunna að vera persónugreinanlegar.

Í skýrslunni eru beinar tilvitnanir í orð viðmælenda skálettraðar og merktar númeri viðtals. Í nokkrum tilfellum hefur þeim verið lítillega breytt til þess að forðast persónugreinanlegar upplýsingar.

Tafla 1 Yfirlit yfir viðmælendur í 101 Reykjavík

Númer	Kyn	Aldurshópur	Uppruni
R1	Karl	60+	Hefur búið í 101 í um 30 ár
R2	Kona	30-44	Fædd og uppalin í 101
R3	Karl	60+	Hefur búið í 101 í 10 ár
R4	Karl	30-44	Hefur búið í 101 í minna en 10 ár
R5	Kona	45-59	Hefur búið í 101 í um 30 ár
R6	Kona	18-29	Með erlendan bakgrunn, hefur búið í 101 í minna en 5 ár
R7	Karl	45-59	Hefur búið í 101 í 10 ár
R8	Kona	18-29	Hefur búið í 101 í minna en 5 ár
R9	Kona	60+	Hefur búið í 101 í um 30 ár
R10	Kona	60+	Hefur búið í 101 í um 30 ár
R11	Karl	60+	Hefur búið í 101 í um 40 ár
R12	Kona	60+	Hefur búið í 101 í um 30 ár

Greining viðtalanna í þemu mótaðist af spurningarammanum en þau eru: 1) Staða ferðaþjónustunnar fyrir COVID-19 út frá sjónarhóli íbúa, 2) Upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggð, 3) Framtíð og endurreisn ferðaþjónustunnar að loknum heimsfaraldri. Einnig komu fram ný þemu sem voru sértæk fyrir miðborg Reykjavíkur og má þar nefna mál tengd sambúð íbúa og ferðaþjónustu, áherslu á fjölbreytileika og hugmyndir íbúa um frekari fjölgun ferðamanna í framtíðinni.

Spurningakönnun (símakönnun)

Í símakönnun voru spurningar lagðar fyrir íbúa á rannsóknarsvæðunum fjórum um áhrif COVID-19-faraldursins á viðhorf heimamanna, upplifun heimamanna af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimsfaraldri og hugmyndir um endurreisn ferðaþjónustu að honum loknum. Í spurningalistanum voru um 20 spurningar sem flestar hafa fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur tóku afstöðu til (sjá viðauka 1). Til viðbótar voru í listanum tvær opnar spurningar þar sem svarendum var boðið að koma athugasemdum á framfæri, annars vegar um ferðaþjónustu í heimabyggðinni og hins vegar um áhrif COVID-19-faraldursins á samfélag svarenda. Í spurningalistanum voru eftirfarandi grunnbreytur skilgreindar: kyn, aldur, menntun, búsetulengd í pósthúmeri, staða á vinnumarkaði, starfar við ferðaþjónustu og getur hugsað sér að starfa við ferðaþjónustu. Spurningalistinn var þróaður í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu. Auk þess var við gerð spurningalistans óskað eftir efnislegum ábendingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar og kann skýrsluhöfundur þeim bestu þakkir fyrir.

Símakönnunin var gerð samtímis á öllum stöðunum á tímabilinu 9. – 27. febrúar 2021. Lagt var upp með að fá 400 svör á hverjum stað eða eins og hægt var að afla miðað við íbúafjölda. Tekið var úrtak úr þjóðskrá en í úrtakinu voru 2.337 einstaklingar og fengust alls 1.242 svör (svarhlutfall 53%). Í 101 Reykjavík voru 796 manns í úrtakinu og var fjöldi svara 404 sem er 51% svarhlutfall. Sjá má úrtak og bakgrunn svarenda í töflu 2.

Við úrvinnslu gagna úr símakönnuninni var notast jafnt við gagnavinnsluforritið SPSS og Excel töflureikni. Gögnin voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Annars vegar var kannað hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum eftir búsetu (þ.e. milli rannsóknarsvæða) og hins vegar var kannað hvort munur væri á svörum mismunandi hópa innan hvers rannsóknarsvæðis. Kannað var hvort munur væri á svörum eftir kyni, aldri, menntun lengd búsetu, stöðu á vinnumarkaði¹ og hvort svarandi starfi við ferðapjónustu. Í viðauka 2 eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar settar fram annars vegar í tíðnitöflum og hins vegar töflum sem sýna hlutföll svara þeirra hópa sem koma fram í töflu 2. Tölfræðileg marktækni er gefin til kynna með bláum stjörnutáknum við bakgrunnspættina á eftirfarandi hátt: Ein stjarna tákna að segja má með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu milli hópa sé einnig til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur tákna að marktækur munur er til staðar miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur tákna að með 99,9% vissu er munurinn til staðar í þýðinu. Í samantektarskýrslunni eru niðurstöður ýmist settar fram á myndrænan hátt eða í töflum. Í einstaka tilfellum eru niðurstöður rannsóknarstaðanna fjögurra bornar saman.

Til viðbótar við ofangreinda tölfræðiútreikninga var samband nokkurra breyta á viðhorfi íbúa kannað með fylgnistuðlum og línulegri aðhvarfsgreiningu. Meðal þess sem var kannað var hvort samband væri milli mats íbúa á mikilvægi ferðapjónustu og ánægju íbúa með hana og einnig voru skoðuð tengsl nokkurra þátta við mat á áhrifum COVID-19 á tekjur einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Að lokum voru viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu í heimabyggðinni eftir COVID-19 könnuð nánar með þátta- og aðhvarfsgreiningu á gögnum símakönnunarinnar á öllum rannsóknarstöðunum fjórum.

Tafla 2 Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar í 101 Reykjavík

101 Reykjavík		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	796	
	Fjöldi svara	404	51%
Kyn	Karlar	212	52%
	Konur	192	48%
Aldur	18-29	52	13%
	30-44	104	26%
	45-59	112	28%
	60+	136	34%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	25	6%
	Stúdentspróf eða iðnnám	92	23%
	Annað starfsnám	22	5%
	Háskólapróf	256	63%
Lengd búsetu í 101 Reykjavík	5 ár eða skemur	120	30%
	6-10 ár	65	16%
	11-20 ár	65	16%
	21-30 ár	50	12%
	Lengur en 30 ár	100	25%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	192	48%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	86	21%
	Í námi	21	5%
	Á eftirlaunum	62	15%
	Annað	36	9%
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	60	15%
	Nei	340	84%

¹ Við greiningu á bakgrunnspættinum *Stöðu á vinnumarkaði* voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir.

FRÁ SJÓNARHÓLI ÍBÚA: STAÐA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR FYRIR COVID-19-FARALDURINN

Ferðamenn orðnir varanlegur hluti af borgarmyndinni

Í viðtölum sem voru tekin við íbúa í 101 árið 2015 kom fram að ferðamenn voru víða í miðborginni. Á þeim tíma sögðust íbúar, sem höfðu búið lengi í miðbænum, hafa tekið eftir verulegri fjölgun ferðamanna. Upp úr efnahagshruninu 2008 hafi fjöldinn bæði orðið meiri og dreifðari yfir árið. Íbúar tóku vel eftir ferðamönnum og hvað þeir voru að gera enda voru þeir í miklu návígi við ferðamennina. Í könnun á viðhorfum Íslendinga 2019 kom hins vegar fram að höfuðborgarbúar urðu sjaldnar varir við ferðamenn en árið 2017 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b).

Í viðtölunum í þessari rannsókn kom fram að ferðamenn voru orðnir sjálfsgæður hluti af borgarmyndinni. Nokkrir viðmælendur töluðu þó um að oft væri auðvelt að þekkja ferðamenn úr.

Þeir klæða sig allt öðruvísi. Ég tek eftir því að fólk sem býr hérna klæðir sig bara eins og venjulegt fólk. En ferðamenn líta út eins og þeir séu að fara að klífa jökla en eru samt bara að labba í miðbænum. Þannig þekkir maður ferðamennina. Útivistarfatnaður, vatnsheldur eða vindþéttur jakki og gönguskór. (R6).

Oft eru þeir klæddir í útivistarfatnað sem Íslendingar mundu ekki vera klæddir í. (R4)

Sumir viðmælendur sögðust oft taka eftir ferðamönnum á ferli og þótti gaman sjá þá. Aðrir voru hættir að veita þeim sérstaka eftirtekt.

Fyrir Hrun þá fannst mér alveg fullt af túristum. Svo verður sprengja eftir Hrun og þá kom þessi tími stundum ef maður var að labba og bara: „Hva, er ég bara í útlöndum?“ Maður fékk einhverja svona stemmingu sem maður eiginlega hafði bara áður upplifað erlendis. [...] En fyrir COVID varð ég ekkert sérstaklega mikið vör við ferðamenn. Kannski er ég bara orðin svo samdauna þessu. (R2)

Í viðtalsrannsókninni árið 2015 kom fram að íbúar í 101 urðu mest varir við umferð ferðamanna og -hópa um bæinn. Fimm árum síðar voru gististaðir, veitingastaðir,

fólk á ferli, rútur, bílaleigubílar og minjagripaverslanir (sk. lundabúðir) þau atriði sem margir viðmælendur tengdu fyrst við ferðaþjónustu í miðbænum.

Fyrsta sem hoppar upp í hugann hjá mér er bara fólk á ferli og rútustæði. Alltaf þegar maður fer í gegn, keyrir í gegn þá var alltaf einhver að bíða eftir rútum í norðurljósaferðir eða pick-up á morgnana eða standandi einhvers staðar. Maður bara varð alltaf var við það. (R4)

Ætli það séu ekki veitingastaðir. Það eru alveg aðrir hlutir en ég held að það sé aðal. Þangað fara ferðamenn til að eyða peningunum. Ég held alveg að þeir séu líka að skoða sig um og allt það en aðaltekjuöflunin séu veitingastaðir. (R2)

Það sem einkennir það eru Airbnb, rúturnar, bílaleigubílarnir, veitingastaðir. (R1)

Daginn eftir að ég flutti til Íslands labbaði ég niður Laugavegin. [...] Þá sá ég nokkrar af sömu lundabúðinni sem eru allar lokaðar núna. En ég hugsaði: „Guð minn góður!“. Þeir voru með risastóra lundabangsa í gluggunum og ég hugsaði: „Þetta eru túristabúðirnar“. Nokkrar lundabúðir við þessa einu götu eru líklega tengdar fyrstu upplifun minni á Íslandi. (R6)

Viðmælendur voru sammála um að ferðamenn hefðu verið alls staðar í 101. Helst mátti rekast á þá við gisti- og veitingastaði, í Kvosinni og á helstu verslunargötum í hjarta miðborgarinnar.

Þeir voru helst á hótélum og veitingastöðum. Ég verð mjög mikið var við þá [...]. Nánast allir ferðamenn sem koma til landsins labba út við götu hjá mér. Þetta eru helstu staðirnir, það er í Kvosinni, upp Skólavörðustíginn að Hallgrímskirkju og þar í kring. (R1)

Í Kvosinni, Lækjargatan, Skólavörðustígurinn klárlega og Laugavegurinn. Svo út við Hörpu svolítið og niður að slíppsæðinu hafa þeir verið svolítið á ferðinni. [...] Aðeins líka á Grandanum þar sem veitingastaðirnir eru og þar sem þeir hafa verið að poppa upp. En það þýnir aðeins, finnst mér. Þeir eru aðeins meira centralt og auðvitað í hótélunum en svo kannski ekkert langt upp fyrir Hlemm. (R4)

Kannanir á viðhorfum Íslendinga sem gerðar voru árin 2014, 2017 og 2019 sýna að hlutfall höfuðborgarbúa sem taldi ferðamenn í borginni hæfilega marga hefur hækkað jafnt og þétt bæði að sumri og vetri. Til dæmis hefur hlutfall höfuðborgarbúa sem taldi fjöldann hæfilegan að sumri, farið úr 63% árið 2014 í 73% 2019 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b). Á móti lækkaði hlutfall íbúa sem sögðu ferðamenn vera of marga. Ferðamenn voru samt sem áður mjög margir í miðborginni á þessum tíma allt árið um kring og fjölgaði þeim hratt, sérstaklega á árunum 2015-17.

Það smátt og smátt fjölgaði erlendum ferðamönnum verulega. (R7)

Mér finnst þetta hafa verið að þéttast á tímum sem voru áður dauðir. Oft var bara kominn október og enginn á ferðinni en svo finnst mér undanfarin ár að það er ennþá alveg traðið af fólki í nóvember. (R4)

Einn viðmælandi mundi eftir því að hafa velt fyrir sér fjölgun ferðamanna í miðbænum fyrir 20 árum en á þeim tíma hafi ferðamenn ekki verið eins áberandi og síðar varð.

Mér fannst vera kominn svo mikill hraði þarna um 2000. [...] Hugsaðu þér! Árið 2000! Þá fannst manni þetta hafa aukist svo mikið. Manni fannst samt einhvern veginn, ferðamenn náttúrulega voru í bænum en þeir voru ekki eins áberandi eins og varð síðan þróunin. (R12)

Mestur var fjöldinn árið 2018 þegar 2,3 milljónir ferðamanna komu til landsins (Ferðamálastofa, e.d.). Margir viðmælandur sögðust hafa fundið fyrir því að ferðamenn hefðu verið orðnir of margir en sumir þeirra sem höfðu búið stutt í miðbænum höfðu ekki orðið varir við neinar slíkar breytingar.

Ég held að við höfum verið farin að fá of marga ferðamenn. (R5)

Ég flutti hingað þegar ferðaþjónustan var í hámarki og man að fólk var að segja að 2018 og '19 hefðu verið færri ferðamenn. Ég fann ekki fyrir því. Ég hélt bara að það væri eins konar fasti að það væru þetta margir ferðamenn. [...] Mér fannst þetta vera nokkuð stöðugt milli 2017, '18 og '19. (R6)

Flestir viðmælandur sögðust vel skilja hvers vegna ferðamenn sæktu í miðborgina. Miðborgin væri ekki aðeins falleg og full af lífi heldur sækist fólk almennt eftir því að koma í miðbæi hvar sem er.

Kannski af því að ég persónulega sækist í það þegar ég er erlendis. Ég vil vera í miðborgum og sitja á kaffihúsi og skoða fólk. (R4)

Nokkrir viðmælandur sem tengdust ferðaþjónustu töluðu um að þó svo að miðborgin hefði aðdráttarafli hefði dvalartími marga ferðamanna verið stuttur, 2-4 nætur eftir komuna til landsins eða fyrir brottför.

Ég varð var við það þegar ég var að leigja út Airbnb, þetta var voða mikið fólk sem var bara eina nótt eða eitthvað. Gisti síðustu náttina hérna og fór suðureftir og var á bíl jafnvel. (R11)

Fólk sem kom til mín [...] var ekkert endilega komið til Reykjavíkur fyrr en í lokin. (R12)

Hjá okkur er venjulega meðaltíminn bara þrjár, fjórir dagar. (R4)

Þessar lýsingar koma heim og saman við kannanir Ferðamálastofu meðal ferðamanna þar sem fram kemur að ferðamenn gista að jafnaði 2,9 nætur í höfuðborginni (Oddný Þóra Óladóttir, 2020). Lýsingarnar ríma einnig við ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2020-2025 þar sem borgin er skilgreind sem „mikilvægur hluti af áfangastaðnum Íslandi og „hlið“ og „grunnbúðir“ ferðamanna, sem njóti bæði náttúru landsins og borgarlífsins“ (Reykjavíkurborg, 2020:1)

Upplifun íbúa af sambúð við ferðaþjónustu

Í viðtölum sem tekin voru við íbúa í 101 árið 2015 voru litlar vísbendingar um annað en að íbúar hefðu jákvæða reynslu af ferðamönnum í miðborginni og höfðu undan fáu að kvarta þó svo pirrings hefði orðið vart af því álagi sem ferðamennskan veldur. Fjórum árum síðar, árið 2019, sögðust aðeins 4% höfuðborgarbúa verða fyrir ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna og var það umtalsvert lægra hlutfall en árið 2017 þegar 27% töldu sig verða fyrir ónæði í daglega lífinu. Í sömu könnun kom fram að hlutfall íbúa sem taldi heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður breyttist mest milli kannana á höfuðborgarsvæðinu, fór úr 31% í 18% en var annars staðar á landinu í kringum 20% (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b).

Myndin sem viðmælandur þessarar rannsóknar drógu upp var mun flóknari. Á árunum 2015-18, þegar ferðamönnum fjölgaði sem hraðast, voru ýmsar breytingar

hafnar sem margir viðmælendur þessarar rannsóknar voru ekki í vafa um að hefðu haft áhrif á samfélagið í miðbænum og í einhverjum tilfellum jaðarsett íbúana. Helstu atriðin sem viðmælendur töluðu um af eigin reynslu eða vissu að höfðu valdið öðrum íbúum vandræðum voru: Gististaðir ferðamanna, bílastæðamál, akstur hópþefreiða um miðbæinn, hækkun fasteignaverðs og breytingar í verslun.

Eitt það fyrsta sem viðmælendur nefndu tengdist gististöðum ferðamanna sem urðu fjölbreyttari. Gömlum húsum í miðbænum var breytt í gistirými eða ný voru byggð, stundum á grunni eldri húsa sem höfðu verið rifin. Gistiheimilum og hótelum fjölgaði og gistimöguleikar innan deiliahagkerfisins, sem viðmælendur rannsóknarinnar vísuðu langoftast til sem Airbnb, urðu sífellt umfangsmeiri. Í mars 2018 voru 30% Airbnb-gistieininga (íbúðir og herbergi) á Íslandi staðsett í miðborg og vesturbæ Reykjavíkur (Íbúðalánasjóður, 2018). Gisting ferðamanna færðist ennþá nær íbúum miðborgarinnar en áður þekktist. Frásagnir viðmælenda báru vitni um aukninguna.

Við erum búin að búa nokkur ár á Grettisgötu. Við komum hingað þegar allt er að kafsiglast í gistiheimilum hérna. (R5)

Það bjuggu ferðamenn fyrir ofan mig. Það var Airbnb-gisting. (R7)

Það er búið að breyta fullt af húsum hér í mínu hverfi í gistiheimili. Hús sem áður voru kannski þriggja íbúða heimili. (R9)

Það eru um 15 íbúðir í blokkinni minni. Þegar við fluttum hingað þá held ég að það hafi verið búið í þremur og restin Airbnb-íbúðir. (R8)

Nokkrir viðmælendur höfðu orðið fyrir ónæði heima hjá sér vegna ferðamanna í leit að gististað inni í hverfum miðborgarinnar eða vegna hávaða frá töskuskroldi.

Fólk hefur bankað upp á og sagst eiga gistingu hjá mér, jafnvel bara tekið í hurðina og labbað inn ef það var ólæst. Sumir hafa alveg haldið því stutt og stöðugt fram að það eigi bókaða gistingu í húsinu okkar. Það sé alveg með það á hreinu og er bara ósátt þegar ég segi að það sé ekki rétt, þetta sé ekki rétt hús. Það hefur gengið á ýmsu. (R5)

Það var gistiheimili við hliðina á og það var alltaf verið að koma og hringja hjá okkur. Úff! Það hélt að það ætti að búa hjá okkur. (R3)

Þegar Airbnb-sprengjan var og önnur hver íbúð í gamla Vesturbænum var orðin Airbnb-íbúð. Liðið var dragandi töskurnar sínar klukkan 6 á

morgnana fyrir utan gluggann hjá manni, þá var maður orðinn svolítið: „Ei Jesus Christ, það er orðið svolítið mikið af þeim“. (R2)

Viðmælendur sem höfðu reynslu af sambúð við Airbnb og þeir sem höfðu boðið upp á Airbnb sögðu þó að í langflestum tilfellum hafi ekki verið ónæði frá gestum í íbúðunum. Fólk hafði skilning á því að ferðamenn væru hér oftast í frii og þar af leiðandi í öðrum/hægari takti en fastir íbúar.

Heima var þetta nú allt í lagi en þetta verður áhugaverð dýnamík upp á sameiginlega fleti. Fólk sem er mest að ganga um stigaganginn er kannski í frii. Þegar maður er í frii þá er maður kannski ekkert alltaf að hugsa um að taka til eftir sig og hafa allt fínt. Svo var maður að koma heim og það voru kannski Subway-umbúðir á gólfinu og maður er bara: „Ókei, ég á að taka til?“. En við lentum samt ekki í neinu veseni. (R8)

Það hafa komið í þessar íbúðir í kringum okkur kannski stórir hópar af ungum mönnum sem eru þá úti á svölum að reykja og kalla. Það hefur komið fyrir en heyrir til undantekninga. Þeir eru ekki margir en þetta er til. (R1)

Frá því við byrjuðum að leigja út Airbnb höfum við á öllum þessum árum fengið tvisvar eða þrisvar sinnum gesti þar sem við sögðum: „Oh, þetta var leiðinlegt!“. En það var aldrei eitthvað svona major catastrophe. Eitt skiptið voru partígarur sem bókuðu á síðustu stundu. Þeir voru með partí og það var bjórflaska í sameigninni sem ég hundskammaði þá fyrir, skildu eftir útidyráhurðina opna daginn eftir. Það er það eina sem ég held að hafi komið nálægt nágrönnunum á einhvern hátt. (R4)

Nokkrir viðmælendur lýstu upplifun sinni og annarra íbúa af því hvernig Airbnb tók yfir húsnæðismarkaðinn. Talað var um að íbúarnir hefðu „misst húsnæði í Airbnb“ (R1). Það þótti vera tvennt ólíkt hvort um væri að ræða íbúa sem leigðu út rými til ferðamanna eða stórtæka einstaklinga eða fyrirtæki sem keyptu upp og leigðu út fjölda herbergja/íbúða. Sumum þótti Airbnb hafa á tímabili skaðað leigumarkaðinn og jafnvel hindrað endurnýjun íbúa í hverfunum. Fasteignaverðið hækkaði, íbúum fækkaði tímabundið og ungt fólk leitaði frekar í önnur hverfi til að taka fyrstu skrefin í búskap.

Ef við vildum yngja upp eða ungt fólk sem vill oft búa í miðbænum, það var búið að ná öllum skúmaskotum og setja þar inn Airbnb. Þetta [Airbnb] er alveg falleg hugmynd en hún er ekki falleg sem gróðafyrirtæki þar sem þú ert með kannski 15 íbúðir og rekur þetta sem fyrirtæki. Airbnb er alveg

fint ef þú ætlar að leigja út einhverja litla íbúð hjá þér og sameiginlegt hagkerfi, eða deiliahagkerfi. En þegar þetta er orðið þannig að þetta eru einhverjir garpar sem eiga fjölda íbúða og það er enginn annar sem kemst að þá er það dálítið annað. (R10)

Þeir hækka leiguverð hérna í miðborginni sem hefur svo leitt til þess að við höfum misst mikið af ungu fólki yfir í Laugarnesíð og Vogana, þessi næstu gömlu hverfi. Þessir sem annars hefðu flutt hingað og búið allavega þangað til að þeir hefðu stofnað fjölskyldu og eignast börn. (R1)

Ég er svo sem ekki á leigumarkaði. Ég mundi kannski kvarta mjög mikið ef ég þyrfti að flytja á milli íbúða tvisvar á ári. Ég hugsa að það sé ómurlegt hlutskipti. (R4)

Svo var fólk sem var búið að kaupa kannski 20 íbúðir og var bara með heilmikinn business bara án þess að borga skatta og skyldur. (R12)

Nokkrir viðmælendur sögðu frá því að í almenningsrýmum, veitingastöðum og verslunum gátu íbúar átt von á því að vera spurðir um eitt og annað eða þurfa að bíða lengur eftir þjónustu.

Ég veit ekki hversu oft maður hefur verið stoppaður í Bónus á Laugaveginum og spurt hvað er mikið áfengismagn í pilsner og aðstoða fólk við að velja mjólk sem passar í kaffi. Ég var farin að grínast með það heima hvort maður geti ekki sótt um svona borgaralaun. (R8)

Bílaleigubílar í íbúahverfunum urðu meira áberandi en áður. Talað var um að bílunum hefði fjölgað og enn erfiðara varð fyrir íbúana að fá bílastæði, sérstaklega í Þingholtunum.

Það eru þessir bílaleigubílar. Líðið sem býr í Airbnb og gistiheimilum og öðru slíku. Þetta hefur þrengt mjög mikið að okkur íbúunum með stæði og þess háttar. Það eru örugglega þúsundir bíla yfir háannatímamann sem eru parkeraðir hérna. Þú færð ekki stæði af því að það er svo mikið af einhverjum bílaleigudruslum út um allan miðbæinn. (R1)

Svo hefur verið svo mikil sprenging í Flug og bíll. Það eru bara allir að ná sér í bíl fyrir utan Leifsstöð. 99,9% keyra beint inn í 101 og bara: „Bíddu, ég er að hérna, ég er Flug og bíll og kaupi gistingu á besta stað og bara legg í götunni“. Svo kemur íbúi heim til sín og það er bara ekkert stæði neins staðar. (R9)

Ég veit að það fór mikið í taugarnar á fólki að þeir voru að taka bíla á leigu og lögðu þeir fyrir utan þar sem þeir gistu og tóku frá stæði sem íbúarnir nýttu. Ég á engan bíl þannig að mér stóð alveg á sama. En ef þú átt bíl þá getur þetta pirrað fólk. (R7)

Í Gamla Vesturbænum virtust vandræði með bílastæði ekki vera rakin til bílaleigubíllanna.

Hér [í Gamla Vesturbænum] er ekki eins mikið af gistiheimilum og í Þingholtunum. Þegar Airbnb-sprengjan var sem stærst þá fannst mér það ekki vera þannig að öll stæði væru upptekin af bílaleigubílum. [...] Fólkíð sem var að taka stæðin var fólkíð sem einmitt býr hérna. (R2)

Sumum fannst bílastæðaskortur ekki vera vandamál í 101.

Ég er aldrei í veseni með að fá stæði þó ég fái það ekki beint fyrir framan hurðina. Það er fullt af bílastæðahúsum. Það er yfirleitt bara uppi í hliðargötu þó maður þurfi að labba 50 metra. Þetta er bara ekki issue fyrir þá sem að búa þarna. (R4)

Í viðtalsrannsókninni árið 2015 kom fram að truflun væri af umferð þegar verið var að skila fólki og sækja á gististaði. Umferð hópferðabíla átti eftir að þyngjast í gömlu hverfunum. Íbúi við Grettisgötu lýsti því hvernig ástandið varð þegar hópferðabílar tóku að keyra um götuna á öllum tímum sólarhringsins:

Þetta var miklu minna áður þó ein og ein rúta færi í gegn. En svo þegar brottfarir og komur voru allan sólarhringinn þá fór þetta náttúrulega að pirra íbúa. [...] Grettisgatan var ein mesta Airbnb-gata í borginni held ég. Það var bara í öðru hvoru húsi sem opnuðust dyr. Ég sá bara að það fylltist alltaf rútan. (R12)

Stórir hópferðabílar gátu stöðvað alla aðra umferð í þröngum götum þegar verið var að sækja ferðamenn eða skila þeim á gististaði. Nokkrum viðmælendum var í fersku minni hvernig umferðartafir, útblásturs- og hávaðamengun vakti reiði meðal íbúa og skapaði núning við ferðapjónustuna. Dæmi voru um fólk sem hafði flutt vegna ónæðisins.

Frænka mín bjó í [nefnir götu]. Þau fluttu úr húsinu sínu út af því að það var bara alltaf verið að pikka upp fólk og droppa fólk af beint fyrir utan gluggann hjá þeim. (R5)

Sumir höfðu upplifað frekju og yfirgang af hálfu ferðapjónustunnar en einnig voru dæmi um íbúa sem þótti þetta ekki vera umkvörtunarefni.

Ég bý rétt hjá Hallgrímskirkju, þetta var bara martröð fyrir okkur íbúana. Til dæmis þá voru [rútuþyriræki X] að keyra inn Freyjugötuna. Þar er ekkert bílastæði og þeir stoppuðu á miðri götu og affermdu kannski heila rútu sem tekur 19 manns á miðri götunni. Á meðan áttu íbúar að bíða. Og ef maður kom út úr bílnum og sagði kannski: „Heyrðu, halló, við búum hérna!“, þá bara fékk maður fokkmerki. Það var hellt sér yfir mann og bara andlegt ofbeldi. (R9)

Það var hreinlega verið að keyra fólk upp í rúm. Þú varst með einhverjar litlar rútur og það var verið að keyra inn litlar götur, jafnvel stærri rútur að keyra Óðinsgötu og Lokastíg og alls staðar. Þetta er eitthvað sem var bara svo fjaránlegt og líka bara litlar götur sem þola ekkert svona mikla umferð. (R10)

Maður tók eftir því þegar fólk var orðið sorri með þessar stóru rútur hérna inni í þessum pínulitlu götum [...]. Auðvitað var það eitthvað sem þurfti að finna laus á. Þessi gömlu hverfi eru ekkert hönnuð fyrir langferðabíla. (R2)

Auðvitað hefur maður þurft að stoppa fyrir aftan einhverja rútu sem er að pikka upp ferðamenn. En það er hálf mínúta, mér finnst það bara ekki issue. Maður verður kannski svona augnabliks-pirraður, bara: „Æi, gat hann ekki gefið stefnuljós?“. En þá tengi ég það frekar við bílstjórann sem er að keyra. [...] Það er mest í sambandi við það að blokkera götur en þetta er eitthvað sem er í nefinu á manni og er farið eftir tvær sekúndur. Þetta er ekki eitthvað sem ég myndi kvarta undan. (R4)

Margir viðmælendur höfðu fundið fyrir breytingum í verslun á þeim tíma sem ferðamönnum fjölgaði hvað hraðast. Í viðtölum sem tekin voru við íbúa í 101 árið 2015 kom fram að íbúar voru farnir að veita því eftirtekt að verslanir sem voru hugsaðar fyrir ferðamenn og seldu m.a. minjagripa voru meira áberandi en áður. Á sama tíma var ákveðinn skilningur á því hvers vegna lundabúðirnar væru til og að þessi vara/þjónusta yrði alltaf að vera til staðar fyrir ferðamenn. Af lýsingum viðmælenda í þessari rannsókn að dæma er verslun ennþá einsleit og að eftirsjá væri af annarri verslun úr miðbænum. Að mati viðmælenda gátu ástæður fyrir einsleitninni verið margar og sýndist sitt hverjum um hvort það var vegna

ferðamanna, fasteigna- og leiguverðs, of lítils heimamarkaðar, breytinga á tilteknum götum í göngugötur eða einhvers allt annars.

Skuggahliðarnar af þessu fyrir okkur sem búum hérna eru einhæfni í verslun og þjónustu. Mikið af verslunarhúsnæði hefur farið undir ferðaskrifstofur, minjagripabúðir og skjólfatabúðir sem gagnast okkur íbúunum sáralítið. (R1)

Hvað vantar okkur marga lunda? Ef þú ert í miðbænum þá viltu líka fá einhverja þjónustu sem að þá hverfur af því að þú ert búinn að búa til eitthvað Disneyland. Ég hef til dæmis dvalið í [miðevrópskri stórborg] og það var alveg sama Disneylandumræðan þar. Það vill enginn eiginlega vera í miðbænum lengur af því að það vantar alla svona nærþjónustu. Hvar er skóarinn? Þeim fækkar eða færast út til hliðanna þannig að miðbærinn verður mjög einsleitur. (R10)

Á einhverjum tímamarki kemur að því að einhver vill nota tækifærið og græða sem mesta peninga. Þá færðu svona 3 lundabúðir sem gagnast engum þegar upp er staðið. (R6)

Það verður svolítið stílað inn á það að það séu túristar sem eru hérna og úrvalið verður eftir því. Það verður einsleitara og það er ekkert eitthvað íslenskt. Þetta er hlutur sem maður tekur alveg eftir þegar maður er erlendis. Ég tók eftir þessu þegar ég fór til Afriku. Maður var alveg: „Ókei, við erum sem sagt á einhverju túristasvæði núna. Ég sé það. Það er allt eins!“. (R2)

Þegar ég flutti hingað þá var hér fiskbúð, það var hægt að kaupa nál og tvinna. Þetta hefur breyst rosalega mikið þannig að manni finnst miðbærinn orðinn svo einsleitur. [...] Maður saknar þessara sérsverslana sem voru áður. Brynja er ennþá á Laugaveginum og Verslun Guðsteins. Ég versla reglulega þar bara til þess að halda þeim í miðbænum. Vinnufatabúðin og Vinberíð, þetta eru búðir sem maður fer inn í til þess að þær haldist þarna. (R5)

Framboð og framsetning vöru í matvöruverslunum hafði einnig breyst. Viðmælendur upplifðu að miðað væri meira við ferðamenn en íbúa.

Svo sér maður að framboðið í búðunum breytist. Það verður meira af samlokum og skyndifæði og þess háttar heldur en að það sé hægt að kaupa kjöt og fisk. Auðvitað veldur þetta núningi, það fer ekkert hjá því. (R1)

Ég stoppa alltaf við í Bónus á Laugaveginum og þar var maður kominn í alveg geggjáð móment út af því að sú búð er stillt upp sérstaklega fyrir ferðamenn. Maður labbar inn og það er íslenskt nammi sem tekur á móti manni. Svo er mjög mikið af vatni og mjög mikið af pilsner. Eitthvað svona! Það er alveg verið að ná ferðamönnum en ekki sett upp fyrir fólk sem er kannski bara að kaupa í kvöldmatinn. (R8)

Við kvörtuðum stundum við strákana í Bónus að úrvalið væri ekki miðað við venjulegar fjölskyldur. Vöruúrvalið var svo mikið sniðið að ferðamönnum sem voru að koma og þurfa bara eitthvað í einn, tvo daga. Hefðbundnir hlutir sem okkur vantaði í heimilishaldið voru kannski ekki alltaf til. (R5)

Maður fann það á ákveðnum tíma, kannski eru 7 eða 8 ár síðan, þá bara allt í einu fór vöruúrvalið í versluninni að breytast þannig að þú gast ekki lengur keypt stóra pakka af þvottaefni. Það var allt miðað við ferðamanninn. Mínir nágrannar sögðust vera hættir að versla þarna í Bónus þó það sé í göngufæri vegna þess að það hentar ekki lengur það sem þeir eru að setja fram. Verslunarstjórinn viðurkendi það. (R12)

Yfirþyrmandi ferðaþjónusta

Af máli margra viðmælenda mátti greina að á þessum tíma hafi þeim virst ferðaþjónusta í miðborginni vera orðin stjórnlaus. Sumum hafi það þó hugsanlega ekki verið fyllilega ljóst fyrir en á tímum COVID-19.

Þetta fór hægt af stað. [...] Borgin var bara öðruvísi og ferðamennskan hafði kannski ekki svo mikil áhrif á umhverfið. [...] Svo er bara hæg stígandi og svo kemur bankahrunið og ferðaþjónustan fór ekkert illa út úr því. En síðan fer allt á skrið [...] En svo finnst mér frá 2016, '17, og '18 þá finnst mér allt vera komið á allt of hraðan snúning. (R12)

Mörgum viðmælendum fannst íbúarnir hafa týnst og að ferðaþjónustan hafi verið orðin yfirþyrmandi og vaxa á kostnað miðborgarbúa. Íbúar miðborgarinnar, íslenska tungan, miðbærinn eins og fólk þekkti hann áður og hverfisbragurinn – eða þorpstilfinningin – virtust vera að hverfa.

Mér finnst þessi sprengja sem varð eftir 2010 mér fannst hún alveg skelfileg. Mér fannst yfirvöld bregðast allt of seint við. [...] Ég er búin að fylgjast með hvernig hverfið hérna, það er dregin úr því öll sál. Það er hver íbúinn á fætur öðrum sem flyst burt. (R9)

Þetta var svolítið eins og við værum að drukkna. [...] Svo fann maður bara að þetta óx og óx og óx og maður ætlaði ekki að trúa eigin augum hvað var mikið um ferðamenn. [...] Þorpsbragurinn drukknaði svolítið í öllum þessum ferðamönnum. [...] Þetta gat stundum orðið svolítið þrúgandi og það var sérstaklega þessi þorpstilfinning, að fara niður í bæ og það séu afar litlar líkur á að hitta einhverja Íslendinga. (R7)

Þetta var sprengja. Mér fannst of mikið af ferðamönnum. Mér er svo minnisstætt, ætli það hafi verið kannski eftir að hafa búið hérna í tvo eða þrjú ár að þegar við vorum að fara út á sunnudagsmorgni þá var það undantekning að maður heyrði íslensku. Yfirleitt heyrðum við bara erlend tungumál úti á götu. Maður gat verið eiginlega hvar sem er í heiminum. Einu sinni hittum við mann úti á götu sem spurði: „Are you guys local? You are the first local people we have seen“. Þá finnst manni þetta too much. (R3)

Það er svolítið búið að drekkja miðbænum. [...] Þegar við fluttum hingað þá var mikið af gistiheimilum allt í kringum okkur og það bara vantaði alla svona nágrannatilfinningu sem við höfðum áður og þekktum nágranna og heyrðum í. [...] Það var á tímabili þar sem manni fannst bara maður vera gestur í eigin landi, liggur við. (R5)

Það er svolítið skrítið. Áður en við fluttum hingað bjuggum við í blokk í [evrópskri stórborg]. Þar var svaka mikið líf og maður þekkti alla nágranna. Svo flutti maður hingað [í blokk með 10 íbúðum í útleigu til ferðamanna] og þetta er einhvern veginn öðruvísi stemming. Maður býr bara með þeim sem eru í frí. (R8)

Ef uppbygging átti sér stað innan hverfa var upplifun íbúanna sú að það væri meira á forsendum ferðaþjónustunnar en íbúanna.

Ég get nefnt dæmi sem kemur strax upp í hugann þar sem eitt gamalt timburhús var [fjarlæggt]. Svo kemur uppbyggingin og það eru 12 íbúðir, bara mjög smekklegt. Og maður bara: „Já, frábært hérna eru íbúðir fyrir ungt fólk í miðbænum“, þá nei, nei, þetta voru allt bara Airbnb-íbúðir! Þannig að uppbyggingin er alltaf á forsendum túrismans. Þetta var aldrei hugsað fyrir íbúa. Mér finnst þetta bara vera eins og fukkmerki framan í íbúana. Við höfum ekkert á móti þéttingu byggðar og nýbyggingum á smekklegan hátt inni í gömlu, grónu hverfi en að það sé bara fyrir einhver fyrirtæki sem eru að græða á túrismanum og troða honum inn í okkar hverfi, ég er alfarið á móti því. (R9)

Breytinga var þörf og töluðu flestir viðmælendur um tvær aðgerðir stjórnvalda sem þeim fannst hafa jákvæð áhrif fyrir lífið í hverfunum. Sú fyrri varð þegar lög um heimagistingu tóku gildi um áramótin 2016-2017. Löggin heimila einstaklingum að leigja út heimili sitt sem og aðra fasteign í allt að 90 daga á ári án rekstrarleyfis (Stjórnarráð Íslands, 2016, 30. desember) og var þeim ætlað að skýra mörk milli gististarfsemi í atvinnuskyni og tímabundinnar leigu einstaklinga gegnum deilihagkerfið. Ummæli viðmælenda báru vitni um að löggin hefðu breytt miklu.

Um leið og þessi 90 daga reglan kom þá breyttist allt. Nú er komið skikk á þetta. (R9)

Það eru allavega tvö eða þrjú gistiheimili hérna í götunni sem hafa breyst í íbúðarhús aftur og fjölskyldur sem búa í þeim sem hafa aðlagast vel. Það hefur breyst yfirbragðið á götunni. Ég kann betur við það. (R5)

Það var greinilegt að mikið af þessum litlu íbúðum sem voru í skammtímaleigu fyrir ferðamenn voru allt í einu í boði fyrir heimamenn. Ég held að þessi lagabreyting hafi verið mjög mikilvæg. (R6)

Það er eiginlega búið að koma í veg fyrir að það sé svart. Þetta var svart á tímabili. En ég meina þá var alveg búið að taka yfir alveg heilu íbúðahverfin. Grettisgata var alveg, annað hvert hús var orðið að hóteli. (R10)

Síðari breytingin átti sér stað þegar Reykjavíkurborg samþykkti bann við rútuumferð í miðbænum en reglugerð þess efnis tók gildi 15. júlí 2017 (Reykjavíkurborg, 2017, 20. júní). Akstursbannið² gildi fyrir bifreiðar yfir 8 metra að lengd, allar hóp bifreiðar og til sérútbúinna bifreiða sem notaðar voru í atvinnurekstri í tengslum við þjónustu við ferðamenn. Akstursleiðir hóp bifreiða í miðborginni voru skilyrtar við tilteknar götur. Leyfilegt er að aka upp Eiríksgötu og niður Njarðargötu, upp Ingólfsstræti og Hverfisgötu frá Ingólfsstræti. Þá má aka austur Túngötu og Vonarstræti en Tryggvagötu, Barónsstíg, Ægisgötu, Sóleyjargötu, Fríkirkjuveg og Lækjargötu má aka í báðar áttir (Reykjavíkurborg, e.d.). Um 14 stoppistöðvar voru skilgreindar til að auðvelda ferðamönnum að komast í og úr hópferðabílum. Markmiðið var að vernda íbúabyggð fyrir óþarfa umferð og auka þjónustu við rútuþyrtingu og gististaða innan bannsvæðisins

(Reykjavíkurborg, e.d.). Í viðtölum við íbúa kom fram ánægja með þessar breytingar innan bannsvæðisins.

Ég finn rosalegan mun. Rútustoppin skipta algjörlega sköpum. (R9)

Þessar nýju reglur sem bönnuðu stóru rúturnar breyttu miklu hérna í hverfinu. Mjög ánægð með þær breytingar, það hafði mikið að segja. [...] Þessi hugsun var byrjuð að það þyrfti að vera rými fyrir heimafólki líka. (R5)


Okkur íbúunum tókst nú blessunarlega að stoppa þetta. Bara það að koma á einstefnu á Njarðargötuna með rútur var strax miklu betra. (R10)

Staðan var viðkvæmari á mörkum bannsvæðisins s.s. þar sem byggð er blönduð.

Það eru ekki allir sáttir, ekki þeir sem búa til dæmis við Hverfisgötuna. Þetta er dálítið viðkvæmt. Þessi leið, Eiríksgata, Njarðargata. Þarna eru tveir leikskólar og stoppistöð fyrir utan annan þeirra og þetta eru þröngar götur. Það hefur verið núningur en það er ekki komin nein betri lausn. Það er kannski eitthvað sem þarf að skoða. (R1)

Akstursbann í miðborginni og 90 daga reglan virðast hafa dregið verulega úr þrýstingi af völdum ferðaþjónustunnar á íbúa í miðborginni. Einstaka viðmælandi talaði þó um að „sprengjan“, sem aðrir viðmælendur lýstu einnig, hafi verið „bóla sem sprakk að sjálfu sér“ (R2). Ástandið hafi jafnvel verið byrjað að batna áður en WOW Air hætti starfsemi. Þegar COVID-faraldurinn hófst hafi ástandið í miðborginni þegar verið orðið mun betra.

² Undanþegin banni eru m.a. ökutæki merkt Reykjavíkurborg, skólabifreiðar og akstursþjónusta fatlaðra.



Mynd 2 Mælikvarðar fyrir ánægju íbúa með ferðapjónustu og mat þeirra á mikilvægi hennar

Mikilvægi ferðapjónustu og ánægja íbúa

Höfuðborgarbúar hafa haft mikla trú á efnahagslegu og samfélagslegu mikilvægi ferðapjónustu eins og fyrri kannanir á viðhorfum heimamanna frá árunum 2017 og 2019 hafa sýnt. Árið 2019 sögðu um 84% höfuðborgarbúa að ferðapjónustan væri efnahagslega mikilvæg fyrir heimabyggðina. Hlutfall höfuðborgarbúa sem taldi ferðapjónustu vera mikilvæga undirstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf var einnig hátt.

Árið 2019 sögðust 83% höfuðborgarbúa vera ánægðir með ferðapjónustu í sínu samfélagi sem var svipað því sem var á landsvísu þar sem hlutfallið var 85%. Í viðtölum við höfuðborgarbúa árið 2015 kom fram að miðborgin hefði lifnað mikið við ferðamannastrauminn. Mikilvægi atvinnugreinarinnar kom þar einnig fram og var einhugur um að ferðapjónustan væri ein helsta atvinnugreinin í miðborginni þó svo að efasemdir hefðu komið fram um hvort uppbygging hennar væri sjálfbær.


Í símakönnuninni 2021 var mikilvægi ferðapjónustu undirstrikað en 93% svarenda í 101 Reykjavík sögðu ferðapjónustuna vera mikilvæga fyrir samfélagið. Hins vegar var ánægja með ferðapjónustu talsvert minni eða aðeins 65% (mynd 1). Ánægja með ferðapjónustu mældist mun minni meðal íbúa í 101 en meðal íbúa á hinum þremur svæðunum þar sem hlutfall ánægðra var á bilinu 79-87%. Jafnframt er talsverður munur á svörum miðborgarbúa samanborið við ánægju höfuðborgarbúa í könnuninni 2019 eins og fram kom hér að ofan. Í 101 Reykjavík voru karlar og þeir

sem störfuðu í ferðapjónustu marktækt ánægðastir með ferðapjónustu í heimabyggðinni.

Einstaklingar sem störfuðu í ferðapjónustu voru marktækt líklegri en aðrir hópar til að telja ferðapjónustuna vera mikilvæga fyrir samfélagið. Munur var milli rannsóknarsvæðanna á því hvernig íbúar mátu mikilvægi ferðapjónustu og hversu ánægðir íbúar voru með ferðapjónustuna og var sá munur marktækur (mynd 2). Á öllum svæðunum var jákvætt samband milli mats á mikilvægi og ánægju en sterkast var sambandið í Mývatnssveit og á Höfn.

Hjá flestum viðmælendum kom fram að atvinnugreinin væri mikilvæg í miðborginni en munur var milli einstaklinga hvaða þýðingu það hafði. Efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustunnar þótti liggja í augum uppi.

Já hún er greinilega orðin mikilvæg núna. Það er verið að fá heilmiklar tekjur úr þessu og það er alltaf gott fyrir hagkerfið. (R1)



Mynd 1 Mat íbúa á ánægju með ferðapjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið. Samanburður á meðaltölum svara á stöðunum fjórum (1=mjög lítið vægi; 5=mjög mikið vægi)

Svæðið var líflegra. Þótt viðmælendur hefðu harðlega gagnrýnt einsleitni í verslun þá sögðust þeir njóta mikillar fjölbreytni í flóru mannlífs og veitingastaða í miðborginni. Nokkrir bentu á að ferðamenn hefðu að sumu leyti opnað augu íbúa fyrir ýmsu sem þeir hefðu ekki tekið eftir áður.

Já, mér finnst ýmislegt hafa komið. Til dæmis hefur verið kjötsúpudagur á Skólavörðustíg og gaman að sjá útlendingana taka þátt í því. Mér finnst það mikilvægt. [...] og einhvern veginn hafa þau áhrif á mann að maður kunni margt betur að meta. Svo er endalaus spenningur fyrir Hallgrímskirkju af því að hún er þarna. Bara stórmerkilegt. Og norðurljósin! Maður fer að horfa á þetta með þeirra gleraugum. Þegar þessi sprengja var sem mest þá vorum við svo sérstök og þetta var svo merkilegt allt í kring um mann. Það hafði smitandi áhrif á mann. (R3)

Það er alltaf líf. Mér finnst þetta hafa breyst rosalega bara frá því eftir hrún. Þú fórst niður í bæ á virku kvöldi og það var varla hræða þarna og veitingastaðir varla opnir. Ef eitthvað var opið var voða lítið úrval, enginn fjölbreytileiki. Við ræðum þetta einmitt oft þegar við fórum þangað niðureftir, bara því líkt úrval sem er komið og sem mundi ekkert fúnkera ef það væru bara Íslendingar sem væru ekkert að fara út að borða alltaf. Þeir lifa staðirnir út af því að fólkíð einmitt er þarna. (R4)

Næturlífið var að sögn viðmælenda stór hluti af lífinu í miðborginni. Sumir voru þó á því að næturlífið höfðaði ekki til nema hluta ferðamanna. Líf í miðbænum langt fram á morgun hefði verið vegna Íslendinganna, ekki vegna ferðamanna nema að litlu leyti.

Það var líka annað mentalitet sem fylgdi túristunum miðað við Íslendingana sem voru að skemmta sér allan sólarhringinn. En þarna var yfirleitt ekki túrismi eftir 11, 12 á kvöldin. Mentalitetið í skemmtahaldinu var svolítið öðruvísi. (R3)

Bent var á að umhverfið í miðborginni hefði tekið ýmsum breytingum sem þóttu vel heppnaðar. Miðborgin hafi þróast og endurnýjast.

Ef ég hugsa um þetta hverfi í kringum mig, þá bara... umhverfið hefur skipt um bragð. Þegar ég var yngri og sem barn þá var líf og fjör í kringum mann, það voru alveg fyrirtæki hérna og það var bara öðruvísi. [...] En það sem mér fannst gerast þegar túrisminn byrjar hérna það fer að koma líf í staði þar sem var ekkert líf áður og ég hugsa sérstaklega um Grandann og í kringum gömlu höfnina í því. Mér finnst það hafa verið jákvætt að

það hafi verið tækifæri til að gera eitthvað annað heldur en að vera með einhver iðnaðarhverfi sem engir voru í, heldur að þetta sé lífandi og ýmislegt að gerast. Alls konar þjónusta, það eru komnar einhverjar litlar búðir og eitthvað svona. (R2)

Þessi ferðamannafjöldi skapaði miklar tekjur sem gerði það að verkum að Reykjavíkurborg fékk möguleika á að hrinda hlutum í framkvæmd. Hérna hefur margt breyst meðan ég hef búið hérna. Óðinstorg var bílastæði og nú er bara búið að gera torg og það með myndarlegum hætti. Það á við um fleiri staði hér í miðbænum. (R7)

Flóknari mynd teiknaðist upp af ánægju viðmælenda. Þótt margir hefðu gagnrýnt bæði ferðaþjónustuna, borgaryfirvöld og ríkið fyrir margar sakir þá höfðu þeir fátta út á ferðamenn, sjálft fólkíð, að setja.

Ég hef ekkert á móti ferðamönnunum, ekki nokkurn skapaðan hlut, þannig að það sé alveg á hreinu. Það hefur fylgt þeim heilmikið líf. Þegar ég labbaði út á Skólavörðustíginn þá var gatan full af fólki, sem kannski var ekki áður. Það er bara skemmtilegt. (R1)

Fram kom að mögulega hefði sá hópur íbúa sem ekki var ósáttur hefði mögulega haft hljótt um sig.

Ég held að það sé þarna eins og á mörgum öðrum stöðum það er alveg stór hluti sem er bara ánægður með það sem er í gangi og lætur ekki í sér heyra. Hefur ekki áhyggjur og lætur bara aðra sjá um þetta, við höfum það gott. Svo eru alltaf hinir sem þurfa að láta í sér heyra út af öllu og gera það og hafa bara rétt á því. (R4)

Nokkrir viðmælendur sögðust vera mjög ánægðir með lífið og erilinn sem fylgdi bæði fólki og ferðaþjónustunni.

Það er kannski fyrst og fremst það að þeim fylgir aukið mannlíf. Þeir sem búa í miðbænum hafa, held ég, valið sér það til að sækja í mannlíf. Svo skapar þetta líka rekstrargrundvöll og rennir sterkum stöðum undir þjónustu sem við nýtum okkur hér. Ég tala fyrir mig þar sem ég bý hérna umkringdur kaffihúsum og veitingastöðum og finnst gaman. (R7)

Hjá sumum var ánægjan meira blandin.

Ferðaþjónustan birtist mér sem svolítið frekt afl, sérstaklega fyrir íbúana. (R10)

Ég er búin að vera að lýsa vanköntum sem að hefði verið hægt að laga svo miklu fyrr. Af því að þetta var látið viðgangast, ég segi í sko 5 ár. Þá var þetta 5 árum of mikið. Þetta er bara eins og ef þú ert með ósætti í fjölskyldu og leyfir því að úldna þá ertu dálítið lengur að ná tilbaka ánægjunni. [...] Þegar túrisminn er allt í einu búinn að taka frá mér þetta eina sem ég á eftir [...]. Og það er svo leiðinlegt af því að manni er dálítið strokið öfugt. Maður finnur að það bara urgar í manni bara: „Helvítis túristar, ég þoli þetta ekki!“ Ég held nefnilega að þarna er lína. Þarna eru mörk sem túrisminn verður að virða. (R9)

Sumir voru varfærnari í lýsingum á ánægju þar sem ferðapjónustan í miðborginni hefði bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar.

Ég held að það séu voðalega fáir hlutir sem eru alveg jákvæðir 100% og alveg neikvæðir 100%. Að vera með ferðamenn er mjög jákvætt fyrir efnahagslífið og alls konar þætti en það hefur áhrif á fólkið sem býr þar. Dæminu er svolítið oft stillt upp þannig að við þurfum að fá alla ferðamennina út af því að annars hrynur allt og það verður allt ómögulegt og auðvitað er það þannig að hluta. En peningurinn hefur samt alveg fleira en eina hlið. Þetta eru svolítið margir hagsmunir sem eru í gangi á sama tíma. (R8)

Það hafði bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Mér fannst það svolítið gaman. Mér fannst svo mikið líf og maður fann bara að allt blómstraði. Eftir að Hrúnið varð þá sá maður bara lokaðar verslanir og allt þetta rými, svolítið sorglegt. En svo verður svo mikið líf og það byrjar allt að opnast og mjög jákvætt að mörgu leyti. [...] En það voru svo margir. (R3)

Margir viðmælendur voru þó sammála um að mannlífið og lífið í miðborginni væri hluti af því bæði að búa í miðborginni og það sem íbúar sæktust eftir að vera nærri.

Ég hef bæði Helsinki og Stokkhólm og jafnvel Kaupmannahöfn til að bera saman við. Það er eitthvað þarna. Einhver X-factor sem maður sér bara þegar maður speglar sig með útlendingunum. (R3)

Ef að ég vildi búa í algjöru ró og næði og aldrei heyra í nokkurri manneskju þá mundi ég ekki flytja í 101. Maður mundi bara flytja annað. Mér finnst ekki eðlilegt að þú flytir þangað niðureftir og farir svo að kvarta yfir því hvað sé mikið líf í gangi þarna, skilurðu. (R7)

En sumrin hérna í miðborginni eru alveg æðisleg og af því líka að þar sem er skjól, þar myndast alltaf einhver svona demantur. (R9)

Þegar ég var ungur að flytja til Reykjavíkur þá fannst mér þetta vera óttalegt krummaskuð. Þetta var farið að vera miklu meira eins og ég vil hafa þetta. Mér finnst að þegar maður býr í borg þá er maður í borg og þá er mikið af fólki og kaffihús og svona. Svo ef að ég vil, sem getur verið að ég vilji einhvern tímann, flytja í rólegri stað þá bara flyt ég þangað. Þá fer ég upp í sveit eða fyrir utan bæinn eða í úthverfi bara hvað ég vil mikið af rólegheitum. Þannig að þetta bitnar ekki á mér. (R11)

Skilningur var á því að ferðamenn og ferðapjónustan væru hluti af mengi miðborga almennt, þar með talið miðborg Reykjavíkur. Þrátt fyrir allt voru flestir viðmælendur voru á því að það væri gott að búa í miðbænum og vildu margir hvergi annars staðar vera.

UPPLIFUN ÍBÚA AF FERÐAMÖNNUM OG FERÐAÞJÓNUSTU Í HEIMSFARALDRI

Áhrif heimsfaraldurs á daglegt líf og fækkun ferðamanna

Kórónuveirufaraldurinn breytti daglegu lífi fólks hratt. Samkomutakmarkanir höfðu áhrif á alla. Lífstakturinn var hægari og samskiptamynstur breyttust.

Maður er náttúrulega bara svo sjálflægur að maður hugsar bara hver um sig. Ég er heilbrigðisstarfsmaður og gerði ekkert annað en að fara í vinnuna og heim. Það var bara mitt líf. (R5)

Maður fer ekkert svo mikið. Svo af því að maður vissi svo lítið um þennan sjúkdóm [...] hefur maður haldið sig meira til hlés. (R11)

Auðvitað er maður ekkert að fara út og hitta fólk sem ég gerði alveg slatta af fyrir. Það er bara mjög leiðinlegt. Þessi partur af tilverunni er búinn að missa lit. (R2)

Erillinn, sem áður einkenndi miðbæinn á öllum tíma sólarhringsins, hvarf. Fólki á ferli fækkaði. Sumum fannst miðbærinn fyllast drunga, öðrum líkaði breytingarnar vel og enn aðrir söknuðu þess tíma þegar miðbærinn iðaði af lífi.

Mér finnst drungalegt þegar þú ferð út og þú sérð ekki nokkurn mann á á ferli. Þó það sé kannski ekkert eðlilegt að það sé mikið af fólki á ferðinni klukkan 6 á morgnana. Svo náttúrulega þegar líkamsræktin er lokuð þá eru ekki einu sinni Íslendingarnir að fara í ræktina á þessum tíma. (R4)

Það var færri fólk á ferli en mér fannst það bara ekkert verra. (R9)

Auðvitað saknar maður þess að það skuli ekki vera allt á iði í miðbænum og líf og fjör. (R12)

Flestir viðmælendur voru þó á því að heimsfaraldurinn hefði ekki haft mikil áhrif á daglegt líf þeirra að öðru leyti en að þeir hittu færri fólk og fóru á færri staði til að koma í veg fyrir að útsetja sig og aðra fyrir smiti.

Það fór ekki framhjá neinum að erlendum ferðamönnum fækkaði hratt í byrjun kórónuveirufaraldursins. Nokkrir viðmælendur töluðu um að breytingin frá því að hafa mjög marga ferðamenn yfir í mjög fáa hefði verið mikil.

Maður varð svaka mikið var við að allt þetta bara hvarf, bara allt í einu. (R8)

Maður var orðinn svo vanur að þeir voru út um allt. Og svo allt í einu var það hending. (R5)

Ég hef oft grínast með það að þegar maður labbaði hérna út úr húsinu fyrir COVID, þá þurfti maður eiginlega að vera brosandi vegna þess að fólk var að taka myndir af húsinu. Húsið var [málað í björtum lit] og frekar áberandi í umhverfinu og það var mikið verið að taka myndir. Það var mikil gangandi umferð, hún minnkaði mjög fljótt. (R11)

Mörgum viðmælendum kom á óvart hversu mikil breytingin varð. Nokkrir viðmælendur lýstu því að þetta hefði verið eins og afturhvarf til fortíðar. Íbúarnir voru að sumu leyti enn á ferðinni um miðborgina en ferðamennirnir ekki.

Mér fannst ég vera komin svona 30 ár aftur í tímann. (R3)

Ég fékk svona flashback til áður en túrisminn byrjaði hérna, 2006 eða 7 þegar maður fór niður í bæ eða keyrði gegnum bæinn og það var bara enginn á ferli. Það var einn í strætóskýlinu eða maður sá engan. [...] Það var svolítið sjokkerandi að það var enginn hérna. (R4)

Menn hafa svolítið talað um að nú sé kominn þorpsbragurinn aftur sem þeir hafa saknað. Þegar maður gengur um göturnar þá hittir maður fólk sem maður þekkir og er búinn að kynna. Eftir að ferðamennirnir hurfu. (R7)

Ég labba Laugaveginum mjög mikið, bæði í og úr vinnu. Maður var alltaf einhvern veginn svona að sikk-sakka framhjá öllum fyrir COVID. Maður var alveg ofan í fólki og það var alltaf maður við mann á Laugaveginum, alveg stappað alla daga, alltaf svaka mikið líf og mjög mikið um ferðamenn. Svo þegar fótunum var kippt undan þessu þá er maður ennþá bara Íslendingurinn að fara í matvöruverslun og bókabúðina og eitthvað

Þannig. Um daginn fór ég fór upp á Laugaveg í hádeginu og það var bara enginn. Og ég var bara svona Palli einn í heiminum. Ég leit á klukkuna og bara: „Hvað er eiginlega?“. Ég hringdi í yfirmanninn minn þegar ég kom heim og sagði frá þessu og hann bara: „Já, þetta er bara eins og þetta var Reykjavík 2002 eða eitthvað. Það eru bara Íslendingar“. Maður fór að heyra bara íslensku á Laugaveginum sem var annars ekki aðaltingumálið á Laugaveginum. Maður var svo vanur að heyra eitthvað annað alltaf. (R8)

Sumir viðmælendur sögðust hafa fundið fyrir létti og auknu jafnvægi. Sumir sögðu að þegar ferðamönnum fækkaði með þessum hætti hafi þeir fyrst áttað sig á því hve mikið álagið hefði verið. Á sama tíma fundu nokkrir viðmælendur fyrir tótleika sem ágerðist haustið 2020 þegar þriðja bylgja kórónuveirunnar hófst.

Ég held að þegar allt byrjaði að loka um haustið þá fór tótleikinn að hellast yfir fyrir alvöru. (R6)

Já, mér fannst léttir. Ég upplifði sjálfa mig hamingjusamari. En kannski er það líka eftirsjá eftir gömlum tíma eða eitthvað. (R9)


Þú finnur það að alveg að það er minni umgangur. Mér finnst svo erfitt að segja hvort þetta sé gott eða slæmt. Þetta er bara breyting. (R2)

Allt í einu fannst mér vera kippt aftur í tímann og fann þá fyrir hvað þetta var búíð að vera mikið álag. [...] Það var búíð að vera mikið af ferðamönnum því að stemmingin breyttist og allt varð rólegra. Mér fannst það jákvætt þó að mér hafi á sínum tíma þótt gaman að því þá fann ég að það breyttist stressfaktorinn í kringum Skólavörðustíg. (R3)

Flestir ef ekki nánast allir koma hingað og það er ekkert skrítið. Það er mikið álag. Mér finnst það örlítið kvíðvænlegt þegar maður er búinn að upplifa þessa kyrrð. (R12)


Maður fann samt bara hvað allt blómstraði með ferðamönnum en það var líka dálítill spenna sem því fylgdi. Það er miklu meiri slaki núna. Kannski er þetta orðið pínulítið heilbrigðara. [...] En þetta er þínu eins og að slaka aðeins á eftir ferðamennina, að geta aðeins andað léttar. (R7)

Í símakönnun sögðu rúmlega 80% íbúa í 101 Reykjavík að bærinn hefði verið dauflægri en áður og um 60% íbúa þótti neikvætt að erlendum ferðamönnum hefði fækkað umtalsvert á svæðinu (mynd 3). Íbúar 45 ára og eldri, sjálfstætt starfandi/atvinnurekendur, eftirlaunaþegar og þeir sem störfuðu við annað fundu frekar fyrir dauflægri heimabyggð. Konur voru frekar á því en karlar að það væri jákvætt að ferðamönnum hefði fækkað á svæðinu.



Mynd 3 Upplifun af fækkun ferðamanna - svör frá 101 Reykjavík

Á mynd 4 sést að hlutfall þeirra sem upplifðu dauflægri heimabyggð var svipað í Reykjavík og á Höfn og í Mývatnssveit. Á Ísafirði var hlutfall íbúa sem upplifðu dauflægri heimabyggð marktækt lægra en á hinum rannsóknarstöðunum þremur.



Mynd 4 Upplifun af fækkun ferðamanna - allir staðir

Þó svo að minna hefði borið á ferðamönnum í miðborg Reykjavíkur töldu viðmælendur að þeir hefðu ekki horfið með öllu úr bæjarmyndinni.

Ég fer framhjá Hallgrímskirkju á hverjum degi og það er náttúrulega mikill munur. Þar var alltaf fjöldinn allur og út á Skólavörðustíg að taka myndir. Það er orðið langt síðan ég sá það síðast. (R12)

Ferðamenn hafa aldrei horfið alveg. Maður sér litla hópa og svona en þeir eru ekki jafn áberandi og þeir voru. (1)

Ég sé ennþá ferðamenn en þeir eru mjög fáir. (R6)

Flestir viðmælendur sögðust almennt ekki hafa haft áhyggjur af smithættu vegna ferðamanna svo lengi sem fjarlægðartakmörk væru virt. Sumir undruðu sig á hugrekki fólks til ferðalaga en einnig var bent á að samskipti milli þessara tveggja hópa væru almennt lítil.

Maður er eiginlega alltaf svo hissa að sjá ferðamenn. Vá, að þeir skuli leggja á sig að koma. (R5)

Það hefur alveg komið fyrir að maður hefur hugsað þetta í búðinni. Ætli þau séu nýkomin af vellinum? Ætli þau séu búin að fara í sóttkví? [...] En ég er ekkert hræddur við veiruna yfir höfuð þó ég passi mig og sé ekkert ofan í fólk [...] En maður getur alveg líka verið pirraður við Íslendinga sem eru ofan í manni að versla. (R4)

Þetta snýst um að þessi daglegu samskipti við túrista eru ekkert rosalega mikil. Það helst að þú lendir í snertiflötum á einhverjum veitingastað eða hugsanlega að það sé illa loftað út þar eða eitthvað svoléiðis. (R2)

Sumum kom á óvart að ferðamenn hefðu aldrei horfið alveg í faraldrinum þar sem fréttatflutningur á þessum tíma gaf til kynna að flugferðum til og frá landinu hefði fækkað verulega. Ferðamenn virtust þekkjast úr á klæðnaðinum líkt og áður og nokkrir sögðust hafa aftur farið að taka eftir þeim í faraldrinum.

Þeir hurfu aldrei alveg og það kom mér á óvart. Maður sér oft hvernig fólk er klætt hvort það séu Íslendingar eða ferðamenn. Þegar ég hélt að það væri enginn að koma hingað, þegar fréttatflutningurinn var að það væru engin flug að koma að þá var maður samt að sjá fólk sem var klárlega túristar. (R4)

Maður spottar þá alltaf. Eða, maður spottar örugglega ekkert alla, sumir blandast inn og maður er ekkert að þæla. Þeir eru að horfa á eitthvað sem Íslendingar myndu ekkert horfa á og eru oft klæddir þannig sem Íslendingar myndu ekkert vera í nema uppi á fjöllum. (R2)

Við vorum einmitt að hlæja að því að maður var eiginlega farinn að segja. „Nei, þarna eru útlendingar!“ Maður var svolítið hissa á tímabili, þá virtist allt svo kirfilega lokað. (R5)


Nokkrir viðmælendur töluðu um að mestu breytingarnar vegna faraldursins hefðu verið lífið og að stemmingin í bænum hafi ekki lengur verið eins og hún var.

Ég held að það sem er búið að breytast í miðborginni sérstaklega út af ferðamanninum í COVID er lífið. Það var svaka mikið líf og stemming að búa niðri í bæ. Við keyptum niðri í bæ til að vera meira í þessu lífi, að geta farið kannski farið meira út á lífið með vinunum eða kaffihús. Svo bara hverfur það. Það er ekkert í gangi niðri í bæ í dag. (R8)

Bent var á að kórónuveirufaraldurinn hefði dregið fram þá staðreynd að öfgar í fjölda ferðamanna væru ekki góðar. Sumir þeirra sem höfðu talað um að fjöldi ferðamanna fyrir faraldurinn hefði verið of mikill töluðu um að það hefði verið ákjósanlegra að breytingar í fjölda ferðamanna hefðu átt sér stað á annan og hægari hátt.

Áhrif á ferðaþjónustu og aðra þjónustu

Fyrir utan fækkun ferðamanna töluðu allir viðmælendur um að kórónuveirufaraldurinn hefði haft áhrif á opnunartíma veitingastaða og verslana í miðbænum. Í símakönnun sögðust 37% í 101 Reykjavík hafa fundið fyrir skertri þjónustu í heimabyggðinni vegna fækkunar ferðamanna (mynd 5). Rúmlega helmingur (53%) miðborgarbúa sagðist ekki hafa fundið fyrir skertri þjónustu og var það hlutfall marktækt hærra en í Mývatnssveit (30%) og á Höfn (48%) en á Ísafirði (72%).



Mynd 5 Íbúar sem fundu fyrir skertri þjónustu vegna fækkunar ferðamanna - allir staðir

Allir viðmælendur töluðu um að margar verslanir og veitingastaðir hefðu lokað í faraldurinum. Mörgum fannst tómunum verslunarrýmum í miðborginni hafa fjölgað í faraldurinum og óvissa var um hvort allt sem hefði lokað myndi opna aftur. Fáum kom á óvart að verslanir með minjagripi handa ferðamönnum hefðu lokað. Þær lokanir bitnuðu ekki á þjónustu við íbúa og fáir söknuðu þeirra. Sumir söknuðu sumra veitinga- og kaffihúsa en grunnþjónustan var enn til staðar.

Mig vantar kaffihúsið í Eymundsson. Það er styttri opnunartími og færri sem komast að. (R10)

Ef einhver minjagripaverslun fer á hausinn sem er að selja fjöldaframlétt drasl frá Kína þá finnst mér það bara vera grisjun af hinu góða. [...] Þó að þær fari á hausinn og hverfi og eftir verði eitthvað gott verslunarrými þá segi ég bara: „Vei, yes!“ (R9)

Þær búðir sem hafa lokað eru aðallega þessar lundabúðir. Bónus hefur haldið sínu og við höfum meira að segja fengið Krónuna í hverfið og mikil gleði. Þannig að í rauninni hef ég ekki fundið fyrir miklum breytingum. (R4)

Sumar lokanir höfðu komið viðmælendum á óvart.

Það eru ótrúlegustu staðir búnir að loka hérna í kringum okkur, bæði búðir og veitingastaðir sem maður var bara næstum því hissa á. Sem maður hélt að stæðu betur en kom í ljós að voru alveg háðir ferðaþjónustunni. (R5)

Flestir viðmælendur sögðust hafa fundið fyrir einhverjum breytingum í þjónustuframboði í miðborginni. Oft þótti óljóst hvort COVID-19-faraldurinn væri um að kenna eða fækkun ferðamanna. Faraldurinn var samt sem áður samnefnarinn.

Það eru að hverfa búðir núna sem ég veit ekki alveg hvort að er út af þessu. (R11)

Ferðamennirnir voru grundvöllurinn fyrir ákveðinni þjónustu sem fer halloka núna og svo er COVID til viðbótar. Þetta hangir allt saman. (R7)

Flestir veitingastaðirnir á Laugavegi sem voru oft fullir af ferðamönnum eru lokaðir eins og er. Ég held að það sé vegna þess að þeir voru að horfa bara til ferðamanna en ekki heimamanna. Kannski var verðið þeirra líka allt of hátt fyrir heimamenn. (R6)

Kannski er svolítið erfitt að aðgreina núna hvað er ferðamaðurinn versus hvað er COVID. Það er líka rekstrarforsendubreyting út af veirunni, ekkert endilega bara út af ferðamannaskellinum. En við höfum alveg verið kannski heppin að grunnþjónusta hefur alveg haldist. Við erum ennþá með matvöruverslun á Laugaveginum sem er svona tiltölulega nálægt okkur. (R8)

Bent var á að breytingar í verslun í miðbænum hefðu mögulega ekki bara verið kórónuveirufaraldrinum að kenna. Það þótti ólíklegt að svo stórar breytingar yrðu útskýrðar á einn ákveðinn hátt heldur þurfi að horfa á þróun verslunar og þjónustu í stærra samhengi. Miklar breytingar voru búnar að eiga sér stað í verslun og þjónustu í miðbænum eins og áður hefur komið fram. Talið var að verslanir og þjónusta hefði dregist mest saman á Laugaveginum en síður á Skólavörðustígnum eða á Granda.

Það sem er í gangi á Laugaveginum það var alveg byrjað áður en COVID kom. Hann varð aðeins af einhæfur. Svipaðir veitingastaðir, svipaðar búðir með svipaða hluti. Á meðan til dæmis eins og Skólavörðustígurinn hefur alveg aðeins fengið að finna fyrir COVID en samt finnst mér hann vera fjölbreyttari og vera meira líf þar. [...] Grandinn er ekki dauður. Það eru alveg fyrirtæki sem hafa annað hvort skert þjónustu eða hafa verið lokað einhverjum tíma. Kannski eru einhver fyrirtæki sem hafa lokað sínum dyrum og munu ekki opna aftur. Mér finnst það samt ekki hafa verið þannig að þetta hafi verið einhver dauðadómur, alls ekki. (R2)

Sko það er dálítið draugalegt að labba Laugaveginum núna. Það eru svo ótrúlega mörg rými sem eru bara tóm og lokað. En það má samt ekki gleyma því að það voru lokað rými fyrir COVID. Miðbærinn átti undir högg að sækja. Verslanir sem gáfust upp í miðbænum sem sögðu að fólk vill ekki koma í miðbæinn og það var þessi endalausa umræða um lokaðar götur, göngugötur versus ekki. Þannig að þetta er ekki bara COVID sem er að loka búðum, það er svo langt frá því. (R5)

Sum veitingahús höfðu aðlagð þjónustu sína að takmörkunum hverju sinni og höfðuðu til íbúanna. Mörgum viðmælendum fannst þeir þurfa að styðja við fyrirtæki sem höfðu reynt slíkt. Mikil ánægja var með þau veitingahús sem brugðust við breyttum aðstæðum og buðu upp á matpakka í heimsendingu eða til að taka með.

Ég man, kannski fyrir ári, það var alltaf það sama á matseðlinum, eins og plockfiskur, lambalæri. Mér finnst íslenskur matur alveg góður en þegar þetta er það sama aftur og aftur þá verður þetta bara mjög leiðinlegt. Ég finn það núna í COVID [...] að sumir veitingastaðir eru að hugsa út fyrir kassann og bjóða upp á nýja rétti. [...] Ein af ástæðunum fyrir því að mér finnst þeir standa sig vel er að þeir voru að horfa til þess að fólk sem býr á Íslandi vill ekki bara plockfisk eða lambakjöt. [...] Þeir reyna að gera eitthvað öðruvísi, [...] ekki bara stíla upp á ferðamenn og eiga þá kannski betri möguleika á að lifa þetta ástand af. (R6)

Maður dáist að sjálfsbjargarviðleitni hjá rekstraraðilum. Það eru margir að gera stórskemmtilega hluti með bara eins og take-away og eitthvað svona sem maður hefur aldrei séð áður sem er náttúrulega bara frábært. Manni finnst manni eiginlega bera skylda til þess að styðja við það. (R4)

Eins og fram hefur komið töldu viðmælendur ferðamenn og ferðaþjónustu hafa haft margvísleg áhrif á húsnæðismarkað í miðborginni. Þeir viðmælendur sem töluðu um húsnæðismarkaðinn töluðu um að skammtímaleiga húsnæðis „þrífist ekki í COVID-ástandi“ (R12) þegar eftirspurn eftir slíku sé í lágmarki. Af ummælum viðmælenda að dæma virtust margar íbúðir sem áður voru skammtímaleigu til ferðamanna hafa ýmist farið á sölu eða í langtímaleigu.

Maður er búinn að heyra svona: „Já, ég er að leiga íbúð sem var Airbnb-íbúð“. Það eru komnir Íslendingar og ungt fólk í íbúðir í miðborginni sem það hafði ekki tók á einu sinni. Það var ekki séns í helvíti að þeir hefðu í fyrsta lagi komist í eða haft efni á. (R9)

[Skammtímaleigan] hefur minnkað mikið og maður tekur eftir því og líka heyrir í nágrönnum sem eru að reka svona að margir eru búnir að breyta yfir í langtímaleigu. [...] Það hefur alveg gjörbreytt þeirra umhverfi. (R5)

Ég er hef verið á leigumarkaðnum síðan ég flutti hingað. Þegar ég kom fyrst var leiguverð var súper hátt. Það var mjög erfitt og ég endaði á að búa fyrst í [öðru sveitarfélagi]. Leiguverðið lækkaði og það er ein af ástæðunum fyrir því að við fluttum í miðbæinn. [...] Það var greinilegt að mikið af litlu íbúðum sem voru á Airbnb fyrir ferðamenn voru farnar að vera í boði fyrir heimamenn. (R6)

Breytingarnar virtust glæða vonir um að húsnæðismarkaðurinn kæmist í jafnvægi á ný.

Áhrif á atvinnu og tekjur einstaklinga


Flestir viðmælenda sem voru virkir á vinnumarkaði höfðu haldið sinni vinnu í faraldrinum og fæstir sögðust hafa orðið fyrir tilfinnanlegri tekjuskerðingu vegna faraldursins. Forsendubrestur í ferðapjónustu hafði því ekki haft áhrif á starfsöryggi þeirra. Það átti þó ekki við um alla. Nokkrir þeirra viðmælenda sem höfðu haft tekjur af ferðamönnum fyrir faraldurinn höfðu orðið að gera breytingar hjá sér, sumar hverjar voru erfiðar.

Það var eiginlega þannig að [...] ég varð að segja upp starfsmanninum mínum. Síðan [...] fór ég á atvinnuleysisbætur, það var bara til þess að bjarga rekstrinum. Maður hugsaði með sér að þetta yrði þetta bara stutt tímabil. [...] Svo beið maður eftir páskunum, þá átti allt að komast aftur af stað. En svo komu engir páskar. Þá bara lokuðum við og settum allt í fasta leigu. Það er allt í leigu núna. (R12)

Ég er orðinn svo gamall að ég sá hvernig þetta var [...] þá ákvað ég að fara á eftirlaun. [...] Ég sótti um þessa hlutabótaleið en ég heyrði eiginlega ekkert frá þeim. [...] En ég ákvað sem sagt að hætta. (R11)

Í símakönnuninni kom fram að 37% íbúa í miðborginni taldi COVID-19-faraldurinn hafa haft neikvæð áhrif á tekjur þeirra eða fjölskyldna þeirra. Af rannsóknarstöðunum fjórum var hlutfall þeirra sem svo sagði einungis hærra í Mývatnssveit (mynd 6). Í 101 Reykjavík var marktækur munur á svörum eftir stöðu á vinnumarkaði (neikvæðust áhrif á tekjur sjálfstætt starfandi og þeirra sem störfuðu við annað) og eftir því hvort einstaklingar störfuðu við ferðapjónustu.

Til að skýra tengsl mats á áhrifum faraldurs annars vegar á tekjur og hins vegar búsetu og þess hvort einstaklingar hafi ferðapjónustu að aðalstarfi var gerð aðhvarfsgreining á svörum þessara hópa. Svörin voru metin á fimm punkta kvarða þar sem 1 táknaði mjög neikvæð áhrif og 5 táknaði mjög jákvæð áhrif (mynd 6).




Mynd 6 Áhrif COVID-19 á tekjur einstaklinga – allir staðir

Tafla 3 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar

Mat á áhrifum Covid-19 faraldursins á tekjur einstaklinga og fjölskyldna þeirra*	
Starfar ekki í ferðaþj. (101 Rvk)=0	2,687
Starfar í ferðaþj. (Rvk)	-0,821**
Búseta (101 Rvk=0)	2,565
Ísafjörður	0,226**
Mývatn	-0,231
Höfn	0,002
*Kvarði frá 1-5; 1=mjög neikvæð áhrif; 5=mjög jákvæð áhrif	
**p>0,001	

Aðhvarfsgreiningin sýnir að íbúar miðborgarinnar settu sig að jafnaði á 2,5 á kvarðanum sem segir til um áhrif COVID-19 faraldursins á tekjur svarenda og fjölskyldna (tafla 3). Af þessu má sjá að áhrif faraldursins á tekjur svarenda og fjölskyldna þeirra hafi verið neikvæðari í 101 Reykjavík, Mývatnssveit og á Höfn en áhrifin verið mildari á Ísafirði. Greiningin staðfestir einnig að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga með starf í ferðaþjónustu hafi verið neikvæðari en á einstaklinga í öðrum atvinnugreinum í miðborg Reykjavíkur.

Í símakönnun kom í ljós að yfir 80% svarenda í miðborginni taldi að atvinnuleysi í ferðaþjónustu í faraldrinum hefði bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu. Marktækur munur var á svörum milli rannsóknarsvæðanna fjögurra (mynd 7) en hlutfall þeirra sem taldi erlent starfsfólk frekar hafa orðið atvinnuleysi að bráð var langhæst í miðborginni. Nokkrir viðmælendur töluðu um að kórónuveirufaraldurinn hefði afhjúpað hversu margir „höfðu byggt allt sitt á ferðaþjónustunni“ (R5), sem þeir höfðu ekki gert sér grein fyrir áður. Þeir viðmælendur sem áttu ættingja og vini í ferðaþjónustu höfðu samúð með þeim.



Mynd 7 Atvinnuleysi hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu - allir staðir

Ég hef áhyggjur af fólki sem ég þekki og er í bransanum. Þetta er lífsviðurværi þeirra og þau eiga fyrirtæki og hafa þurft að segja upp öllu starfsfólkinu sínu og eru bara sjálf. [...] Ég var mjög heppinn að það var ekkert make or brake þó að það mundi ekkert leigjast út. Þá urðu áhyggjurnar minni en auðvitað er ómurlagt að veitingahúsin þurfi að vera lokað og fólk hefur ekki í sig og á. (R4)

Maður hefur auðvitað áhyggjur af fólkinu í kringum sig sem er háð því eða er með starf sem þetta hefur mikil áhrif á. [...] Ég get ekki ímyndað mér annað en að þetta sé mjög áhyggjuvaldandi. (R8)

Í nokkrum viðtölum kom fram að fyrir kórónuveirufaraldurinn hefði verið algengt að sjá erlenda einstaklinga í þjónustustörfum í miðborginni og talið að mörg störf í ferðaþjónustu hefðu verið mönnum af erlendu fólki. Þar sem margar verslanir og veitingahús þurftu að loka eða draga saman seglin þótti viðmælendum líklegt að fækkað hefði í hópi erlends starfsfólks á svæðinu.

Ég vorkenni fólkinu sem starfaði í verslunum og treysti á ferðamenn. Fyrir þetta fólk er tómleikinn í bænum augljóslega mjög slæmur. (R6)

Sumarið 2020

Eftir erfitt vor og strangar sóttvarnir voru samkomutakmarkanir rýmkaðar í maí 2020. Í miðborg Reykjavíkur kviknaði líf að nýju þegar veitingastaðir og kaffihús opnuðu á ný. Fólk kom saman og gleðin lá í loftinu. Viðmælendur lýstu því að fólk var létt og gleðin lá í loftinu þegar fólk kom saman.

Þegar það var byrjað að létta á takmörkunum í maí og júní þá fannst mér eiginlega þínu sprengja verða. Maður fór niður í bæ og það var setið alls staðar úti ef það var gott veður. Það var bara krökkt af fólki. Ef það er gott veður þá er fólk bara úti. Maður fann alveg stemmingu þá í einhverju svona óskipulögðu. Það voru ekki þessar hefðbundnu skipulögðu hátíðir sem maður er vanur á sumrin. (R2)

Mér fannst stemmingin alveg æðisleg. Að vísu var ég meira úti á landi þannig að ég er ekki sú sem þú ættir að spyrja um lífið í borginni. En ég bara sá á myndum og maður bara fann hamingjuna þar. (R9)

Það voru allir glaðir og það var sumar og rosalega gaman að hittast í drykk niðri á Óðinstorgi og allir bara svaka kátir. (R10)

Það var fólk hérna í sumar og meira en ég bjóst kannski við. Mér fannst það gott. Mér fannst það ótrúlega nice að sjá þetta. Þetta varð einhvern veginn léttara yfir öllu, það var meiri jákvæðni og maður svona, já það er eitthvað að gerast. (R4)

Erlendum ferðamönnum fjölgaði á ný eftir fyrstu bylgju faraldursins en takturinn hafði breyst frá því fyrir faraldurinn. Viðmælendur upplifðu aukið jafnvægi í bænum.


Það var svolítið bjartsýni og gaman en samt þá var ennþá svolítið rólegt. Það var ekki þessi mikli túrismi. [...] En fólk var svolítið glatt og það var gaman. (R3)

Þessi tími var virkilega notalegur ef ég á að vera hreinskilin. Ég ferðaðist ekki mikið um landið og mér fannst fólkid í bænum vera fólk sem býr hérna. Mjög fáir ferðamenn en allt samt opið eða opnað aftur á einhvern hátt. Þannig að stemmingin í bænum varð miklu líflegri en ekki eins klickað og hún var. (R6)

Í sumar fannst manni eiginlega kjöraðstæður. Það voru ferðamenn, það var fullt af lífi en það var svo gott jafnvægi. Mér fannst það bara frábært. Það var allt opið, það var þjónusta í boði og samt ekki þannig að maður þyrfti að troðast. Það var allt mjög þægilegt. Allir mjög glaðir. (R5)

Ég hugsa að árinu áður hafi ekki verið eins mikið af Íslendingum. Það er kannski breytingin, það var það sem manni fannst svolítið fyndið að það voru bara Íslendingar. (R10)

Í viðtölunum virtist síður litið á Íslendinga – í merkingunni fólk með búsetu á Íslandi – sem innlenda ferðamenn eða gestkomandi, það var einfaldlega talað um þá alla sem Íslendinga. Innlendir ferðamenn voru því ekki jafn áberandi og erlendir ferðamenn sem auðveldara var að þekkja úr. Það sást einnig í símakönnuninni að innlendir ferðamenn voru marktækt meira áberandi á hinum rannsóknarstöðunum þremur en í miðborg Reykjavíkur (mynd 8). Enginn marktækur munur var á svörum mismunandi hópa í 101 Reykjavík.




Mynd 8 Hlutfall þeirra sem fannst íslenskir ferðamenn vera meira áberandi - allir staðir

FRAMTÍÐ OG ENDURREISN FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Á öllum stöðunum fjórum kom skýrt fram að íbúar töldu að kórónuveirufaraldurinn hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið í heimabyggð. Í 101 Reykjavík voru 91% svarenda á þessari skoðun. Enginn marktækur munur var á svörum miðborgarbúa, Mývatninga (96%) og íbúa Hafnar (96%) en hlutfall Ísfirðinga á þessari skoðun var marktækt lægra (84%). Í Reykjavík voru eldri borgarar marktækt líklegri til að vera á því að faraldurinn hefði sýnt fram á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir atvinnulífið.


Íbúar í miðborginni voru síður á því en íbúar á hinum stöðunum að það væri mikilvægt fyrir heimabyggðina að ferðaþjónustan myndi ná fyrri styrk að faraldrinum loknum, voru 83% svarenda í 101 á þeirri skoðun en hlutfallið var á bilinu 94-98% annars staðar. Karlar og einstaklingar sem störfuðu í ferðaþjónustu voru marktækt líklegri til að taka afstöðu með ferðaþjónustunni.




Mynd 9 Mat íbúa á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir atvinnulíf og á mikilvægi þess að ferðaþjónusta nái fyrri styrk. Samanburður á meðaltölum svara á stöðunum fjórum (1=mjög lítilvægt; 5=mjög mikilvægt)

Marktækur munur var á milli staðanna fjögurra eftir því hvernig íbúar mátu mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulíf og væntingar um að ferðaþjónustan í heimabyggðinni nái aftur fyrri styrk (mynd 9). Á öllum svæðunum var jákvætt samband milli þessara tveggja atriða.

Mikilvægi ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni var rætt í viðtölunum frá mörgum hliðum eins og tíundað hefur verið hér að framan. Á öllum stöðunum fjórum var mikill stuðningur meðal íbúa við aðgerðir stjórnvalda til varnar ferðaþjónustu og við takmarkanir á landamærum til að sporna við útbreiðslu á COVID-19 (myndir 10-11).



Mynd 10 Viðhorf íbúa til mótvægisáðgerða stjórnvalda til stuðnings ferðaþjónustu - allir staðir



Mynd 11 Viðhorf íbúa til takmarkana stjórnvalda á landamærum - allir staðir

Í miðborg Reykjavíkur bjuggust viðmælendur við því að ferðamönnum myndi fjölga á ný þegar bólusetning yrði útbreidd. Sumir gátu ekki beðið eftir því að fá að ferðast aftur.

Ég er viss um að heimamenn myndu fagna því að fá ferðamenn aftur. Ég er viss um að sumir séu ánægðir með að hafa ferðamenn og bíða eftir að þeir komi aftur. (R6)

Ég held að þráin eftir því að þetta verði eins og þetta var um leið og bóluefnið verður komið verði til þess að fólk vill bara aftur fara að troðast í flugvélum og troðast á flugvelli. Það er eiginlega fátíðlegt að maður kvartar yfir því að það sé þröngt og þola ekki flugvelli, að mann langi þangað aftur! Ég vil bara troðast í gegnum Keflavík og allir gangar séu fullir. (R4)

Að mati margra viðmælenda hafði kórónuveirufaraldurinn haft veruleg áhrif á ferðaþjónustuna í miðborginni en þeir bjuggust við því að hún myndi glæðast á ný um leið og það verði öruggara að ferðast.

Það er ekkert unnið með því að vera að starta einhverri ferðaþjónustu á einhverju hökti. Það breytir engu fyrir okkur hvort það komi 10.000 ferðamenn liggur við. (R10)

Voru sumir á því að faraldurinn hafi mögulega orðið til þess að draga jákvæða þætti miðborgarinnar betur fram en áður; hvað íbúunum þótti best við hana.

Fleira fólk og betri þjónusta á vissum sviðum. Það er mikið af veitingastöðum, skyndibitastöðum og öðru slíku sem er komið upp. (R1)

Mér finnst ferðaþjónustan í miðborginni jákvæð. Fyrir okkur það er bara allt það framboð sem er og sem ekki var. Það er framboð á afþreyingu, framboð á þjónustu, kannski fjölgun á spennandi sýningum. Það er mannlífið. Mér finnst líka jákvætt hvað fólk hefur tekið til og gert upp húsin sín og mér finnst margt af því sem borgin er að gera einmitt vera til mikilla bóta. Miðborgin er fallegri heldur en hún var [...] og í heildina finnst mér borgin hafa tekið stakkaskiptum til hins betra. Það er að hluta til það að fólk er að taka til. Kannski hefur Airbnb orðið þess valdandi og eins bara að fólk er farið að hugsa aðeins betur um útlitið á sínum eignum og slíkt. (R12)

Þetta er mjög kaldhæðin en það er bara sú staðreynd að þeir eyða peningunum sínum. Ég held að það skapi mikla vinnu fyrir allt samfélagið. Það er tilgangurinn með ferðaþjónustunni. (R6)

Það er businessinn sem hún skapar veitingahúsum, verslunum, hönnuðum. Kaffihús, veitingahús, verslanir, sérstaklega sem selja íslenska hönnun. (R9)

Það setur líf og fjör. Í staðinn fyrir að hitta einhverja tvo þá hittir maður 73 á gangi. Og heldur rekstri gangandi á mörgum stöðum og það er bara frábært. (R10)

Þetta rímar við kannanir sem gerðar voru 2017 og 2019 þar sem fjölbreytni, mannlíf og tekjusköpun hafa staðið upp úr sem jákvæðustu þættir ferðaþjónustu að mati höfuðborgarbúa. Í sömu könnunum kom fram að neikvæðustu þættirnir tengdust umferð, Airbnb og miklum fjölda fólks. Neikvæðu hliðarnar voru viðmælendum enn ljósliandi eins og fram hefur komið en jafnframt var kvartað undan einhæfni.

Neikvæðast finnst mér er... við gætum kallað það massatúrismi. Setja allt í sama formið. Það vantar klæðskerasniðnar lausnir. (R4)

Það hefur kannski verið verst varðandi ferðaþjónustuna niðri í bæ er að þjónustan er ekkert voðalega fjölbreytt. Fyrir Íslending... maður þarf ekki margar verslanir sem þjóna sama tilganginum. Það er kannski það sem hefur verið verst að það er búið að vera svolítið einhæft. (R8)

Mér finnst neikvæðast ef þeir taka yfir. Við erum örþjóð [...] og það er rosa skrítið ef þú lítur í kringum þig og þú ert allt í einu orðinn eini Íslendingurinn sem er staddur einhvers staðar. Það kann maður eiginlega ekki alveg á og er eiginlega svolítið boring. (R10)

Aukin áhersla á sjálfbærni


Um 84% svarenda í símakönnun í 101 Reykjavík vildu að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður (mynd 12). Marktækur munur var á svörum íbúa í miðborg eftir kyni og voru konur líklegri til að vilja aukna áherslu á sjálfbærni.

Í viðtölunum ræddu íbúar í miðborginni hugmyndir um sjálfbærni í samhengi við fjölda ferðamanna, lífsgæði heimanna, gróðasjónarmið og náttúru. Viðmælendur voru gagnrýnir á ánægju íbúa með ferðaþjónustu og lífsgæði og höfðu þeir einnig væntingar um sjálfbærni við endurreisn ferðaþjónustunnar. Langflestir höfðu einhverjar hugmyndir um sjálfbærni.

Varðandi alla atvinnuskapandi starfsemi, hvernig sem hún er, þá á hún ekki að koma niður á þeim sem búa á svæðinu, hvort sem þú ert að tala um ferðamenn eða einhverja verksmiðju sem er að ausa yfir þig einhverju skýi. [...] Ef við ætlum að búa í samfélagi þar sem er gott að búa þá auðvitað þarf að hugsa um þá sem þar búa þannig að þeim líði vel. Og þá á ekki einhver atvinnugrein, þó hún sé að moka inn einhverjum peningum, að vera þannig: „Æ, skítt með þetta lið þarna“. (R2)

Margir voru á því að ferðaþjónustan í miðborginni hafi ekki verið sjálfbær fyrir kórónuveirufaraldurinn. Hraðar breytingar í fjölda ferðamanna í miðborginni hafi ekki haft góð áhrif á lífsgæði íbúanna. Umræða um sjálfbærni færðist því fljótlega að afleiðingum hraðrar fjölgunar ferðamanna.

Sko, eins og þetta var þegar ferðamannafjöldinn var sem mestur þá jók þetta ekki á lífsgæði okkar. [...] Allavega hafði þetta ekki jákvæð áhrif á lífsgæðin okkar því þetta var bara of mikið. (R5)



Mynd 12 Væntingar íbúa um sjálfbærni við endurreisn ferðaþjónustunnar - allir staðir

Nú hefur maður samanburðinn. Fullt af ferðamönnum og svo engir ferðamenn. Það er ekki mjög heppilegt að hafa þessar öfgar. Það hefði verið betra ef þetta gengi eðlilega fyrir sig. [...] En það er alltaf hætta á að sjálfbærni verði undir þegar þetta gerist svona snögg. (R7)

Viðmælendur voru gagnrýnir á ferðaþjónustuna sem atvinnugrein. Nokkrir gerðu laun og starfsumhverfi ferðaþjónustunnar að umræðuefni og kröfðu eigendur fyrirtækja um vandvirkni.

Ég man núna bara eftir Hótel Adam sem kom upp á Skólavörðustígnum. Það gerist náttúrulega alltaf þegar það er svona hröð uppbygging að það bara eru óprúttir aðilar sem sjá bara tækifæri og svindla og gera ekki neitt. (R4)

Sjálfbærni er bara góðra gjalda verð. Ferðaþjónustan ýtir undir atvinnusköpun og það þarf líka að vanda sig í því eins og hagfræðingar hafa bent á. Ef að ferðaþjónustan er rekin sem láglaunastarfsemi, hverju er hún þá að bæta við? Ef það er bara verið að vera með farandverkafólk eða heldur sér ekki uppi án þess að notast við svoleiðis vinnuafli þá vil ég ekkert með hana hafa. En hins vegar ef hún er rekin af vandvirkni og það

er hægt að fá inn fólk. Eins og það hefur verið á Íslandi þá hefur kannski ekki verið nóg af fólk á Íslandi til að sinna þessu öllu. Eða já og nei maður veit það ekki, eða Íslendingar hafa verið of dýrir og það er ekki gott. Þannig að sú sjálfbærni, ef það á að flytja inn fólk til að vinna fyrir ferðaþjónustuna þá segi ég nei takk. (R10)

Við erum ekkert sjálfbær í okkar ferðamannaþjónustu. Við höfum ekki starfsfólkið til þess að sinna þessu öllu. Svo ég hljómi nú ekki sem rasisti þá er svolítið erfitt af því að meirihluti starfsmanna í ferðaþjónustu eru erlendir ríkisborgarar. Þannig að þegar ég sækir mér þjónustu þá get ég ekki talað íslensku þegar ég fer á veitingastaði og jafnvel í búðir. Það er náttúrulega ekki gott heldur og líka þegar maður hugsar, ef fólk ekki skilur vel það sem það er að vinna við, hvaða þjónustu fær þá ferðamaðurinn? Hvaða mynd fær hann þá af Íslandi? Ég held að við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti betur. (R5)

Nokkrir viðmælendur veltu því fyrir sér hvort fyrirtæki kynnu að hætta að vanda sig þegar ferðamennirnir koma aftur og það yrði á kostnað sjálfbærninnar.

Svo er þetta þannig að um leið og þú getur búið til pening úr einhverju - og auðvitað verður það þannig að fólk sem hefur misst lífsviðurværið núna, það á eftir að finna sér leiðir til að koma sér aftur inn um leið og þetta fer í gang. Þá eru alltaf einhverjir aðilar sem reyna að gera það á ódýrasta háttinn og ekki á sjálfbæran hátt eins og maður mundi vilja hafa það. (R4)

Ég held að ferðaþjónustan hafi stundum farið þá leið að finna hvar er auðveldast fyrir þá að finna aurinn. Á meðan gleymist jafnvel hvað væri gott fyrir fyrirtækið til langstíma. Og maður hugsar alveg, er þetta nákvæmlega sjálfbært? Það á alveg alls staðar við á landinu. Hver vill þetta til langstíma? (R2)

Viðmælendum fannst umræðan um lífsgæði heimamanna vegna ferðaþjónustu ekki vera einföld.

Ég get ekki séð hvernig ferðamenn hafa neikvæð lífsgæði hér. Kannski eins og við vorum að tala um að ferðamenn sem taka sér tíma og eru í öðru hugarfari en heimamenn sem eru í sinni rútínu. Þar fyrir utan sé ég ekki hvernig ferðamenn hafa neikvæð áhrif á lífsgæði hér í Reykjavík. (R6)

Þetta er aðeins erfitt að þetta ætti að hafa jákvæð áhrif á heimamenn. Það er klárt mál að það er fólk sem getur orðið aðeins eftir í því. Fólk sem býr í Hafnarfirðinum og á erfitt með að sækja í Reykjavík því það er bara

ógeðslega mikið af fólk. [...] Sjálfbærni hljómar vel og lúkkar svakalega vel á pappír. En mín upplifun sem einstaklingur sem flutti úr úthverfi niður í bæ þá upplifði ég upplifði enga sérstaka ánægju af ferðamanninum þegar ég bjó í úthverfinu. (R8)

Hugmyndir um stýringu og skipulag

Í viðtölunum var óskað eftir hugmyndum íbúa í 101 Reykjavík um það hvernig þeir sæju fyrir sér ferðaþjónustu í framtíðinni í miðborginni og hverju þeir myndu vilja breyta til að auka ánægju íbúa, fengju þeir að ráða. Fjölmargar hugmyndir komu fram en hér eru fjögur meginstef dregin fram um sýn íbúa í 101 um skipulag og stýringu ferðaþjónustunnar: 1) Áhersla á nærgætni, 2) Áhersla á ábyrga ferðaþjónustu, 3) Varfærni í hótellupbyggingu og 4) Breyttar áherslur um fjölgun ferðamanna.

1. Áhersla á nærgætni

Allir viðmælendur voru sammála um að ferðaþjónustan væri fyrir löngu komin til að vera í miðborginni og að ferðaþjónustan og ferðamenn hefðu að mörgu leyti gert miðborgina betri. Þrátt fyrir það voru margir á því að ferðaþjónustan hafi verið orðin yfirþyrmandi fyrir kórónuveirufaraldurinn, að kjarninn í miðbænum eins og íbúarnir þekktu og unnu hafi verið að hverfa. Sumir viðmælendur lýstu því að COVID-19 hafi orðið til þess að draga vankantana enn betur fram. Kallað var eftir endurhugsun á ferðaþjónustunni í miðborginni og vandvirkni í ákvörðunum sem snertu íbúana.

Þegar túrisminn byrjar aftur þá þarf að hugsa: Ætlum við að hafa hann alveg nákvæmlega eins og hann var þegar hann var sem - ég segi verstur - sumir myndu segja bestur - Viljum við hafa hann svona færribandatúrisma? Ég er alfarið á móti því. (R9)

Ég vona að við vöndum okkur svolítið meira. [...] Af því að við erum svo fá að það eru allir sem skipta máli. Það er ekki einhver hópur sem týnist. Mér finnst svo mikilvægt að halda í það. (R3)

Maður fann svakalega breytingu eftir það þegar þetta hrundi allt saman. Þá fór maður að hugsa hvort maður hefði kannski mátt endurhugsa þetta. (R10)

Áhersla var á að ferðamennskan í miðbæ Reykjavíkur ætti að snúast um sambúð ferðamanna og heimamanna og að hlúa þyrfti að því að báðir hópar geti þrífist.

Eftir að það verður svona rosalega mikill túrismi þá þarf að stýra þessu að það séu ekki allir í miðbænum þó svo það komi þangað flestir. Að það haldist áfram búseta og það þarf svolítið að hafa fyrir því. (R10)

Ég held að við þurfum að gera upp við okkur fyrir hvern miðborgin eigi að vera. Ætlum við bara að stíla inn á ferðamenn eða viljum við hafa þetta blöndu, heilbrigða blöndu? [...] Að það væri alltaf hugsað: „Ókei, þetta er gott fyrir ferðamennina, hvernig kemur þetta þá út fyrir heimamennina og öfugt? Ef við ákveðum að gera eitthvað sem er gott fyrir heimamennina, hvaða áhrif hefur það þá á ferðamennina?“ Reyna að finna einhvern meðalveg. (R5)

Langflestir viðmælendur vildu halda áfram að búa í miðbænum og vildu hvergi annars staðar vera. Skilningur var á því að íbúarnir væru að vissu leyti aðráttarafi fyrir ferðamenn, þeir vilji vera nærri heimamönnum og sækja í miðborgir. Sumir viðmælendur þekktu það sjálfir frá eigin ferðalögum. Bent var á að hlúa þyrfti að búsetu í miðborginni því að miðborg án íbúa væri í raun líflaus.

Í grundvallaratriðum þurfum við að halda í kjarna Reykjavíkur því það er það sem ferðamenn vilja sjá. Það er engin þörf fyrir eftirlíkingar. (R6)

Það er ákveðinn styrkleiki að hafa íbúa í miðborg. Þú ert ekki í ferð bara til að hitta hina túristana. (R11)

Það var svolítið að drepa niður þetta eðlilega líf. Ég held að COVID hjálpi okkur svolítið til að finna hvað það er mikilvægt að hafa okkar sál í miðborginni. (R3)

Það er gaman að búa í miðbænum, það eru margir kostir við að búa í miðbænum. Ég held að það sé kannski tækifæri til að leggja meiri áherslu á það. Eins og þetta var á tímabili þá var bara ekki þverfótað fyrir ferðamönnum í miðbænum, það var bara ekkert pláss fyrir okkur hin. Ég held að það sé tækifæri til að þetta verði meira jafnvægi. Mig sem túrista langar ekki að fara í borgir þar sem engir heimamenn eru. Ég held að það hljóti að gilda það sama fyrir þá sem koma til Íslands. Þeir vilja sjá Íslendinga niðri í bæ líka. [...] Það þarf að vera rými fyrir heimafélki líka

og vera meðvitaður um að útlendinga langar ekki að koma í dauða miðborg. (R5)

Kallað var eftir nærgætni við íbúana við endurreisn ferðapjónustunnar í miðborginni og að gætt verði að þörfum þeirra. Óskað var eftir því að hlúð yrði að sérstöðu miðborgar Reykjavíkur og grunnþjónustu við íbúana.

Ef að við erum með svona mikinn massatúrisma þá kannski missum við sérstöðuna. Ég held að það sé nú ekkert verið að rífa öll húsin hérna en þetta er góð svipuð líking. (R11)

Það þarf að halda þessari grunnþjónustu líka í miðbænum. Til dæmis nú er pósthúsið farið, það er komið út á Hagamel. Bara svona litlir hlutir eins og þessir hafa mikið að segja. Bankaútibúunum hefur fækkað, þau eru eiginlega öll komin aðeins út fyrir. Svona grunnþjónusta. [...] Hér er skóli og leikskólar og mikið af fólki sem býr í miðbænum aðhyllist líka bíllausan lífsstíl og þyrfti að geta nálgast alla nauðsynjavöru bara í sínu nærumhverfi. (R5)

Þegar ég flutti í miðbæinn var hér til dæmis pósthús. Nú þarf ég að fara út á Hótel Sögu af því að pósthúsið hérna er horfið. Manni bregður svolítið við að missa þessa þjónustu. (R7)

Fjölbreytnin og hið sérstæða var viðmælendum ofarlega í huga sem ein af stóru kostunum við að búa í miðbænum. Talað var um að markvisst þyrfti að vinna gegn einsleitni í þjónustu og verslun og skapa rými fyrir nýsköpun. Mögulega væri ákvörðun um slíkt pólitísk.

Sko, ég væri til í að fá ekki aftur kannski 12 lundabúðir á Laugavegin. Það var kannski orðið alveg fullmikið. Líka af því að það voru annars konar búðir alveg að loka sem voru búnar að vera í gangi í einhver ár og gengið ágætlega og svo allt í einu var búð að loka og opna nýja lundabúð. Ókei, það er ein 200 metrum neðar. Vantaði þetta? (R8)

Mér fyndist rosalega gott ef einhverjir, sem eru að hugsa um rekstur eða skipulag eða eitthvað svoleiðis, myndu setjast niður og hugsa hvernig finnur maður sinn sess í þessu. Að vera öðruvísi. [...] Að þetta verði fjölbreytt. [...] Það sem mér fannst leiðinlegast við að það var mikið af túristum, það gat allt orðið þínu samdauna. [...] Þetta þarf ekkert endilega að snúast um einhverja minjagrip í lundabúðum. Þetta getur snúist um matseðla á veitingastöðum. Það getur verið eitthvað svoleiðis.

Allt svona græðum við á sem búum hérna, sko, og erum þá enn viljugri kannski til að kaupa þjónustuna og taka þátt. (R2)

Ég mundi vilja að við myndum aðeins róa okkur í einsleitninni. Ég held að það sé ekki hægt að stýra því nema setja einhver lög eða reglugerðir. (R10)

Það kannski má vera eitthvað meira, eða breiðari, af okkar menningu heldur en bara lundabúðirnar. Mér finnst svolítið mikilvægt, kannski það að komi meira galleri og kannski listið, að það verði meira sýnilegt. [...] Ég vona bara að við förum ekki inn í þann pakka að við verðum svona eins og hver önnur stórborg með bara H&M og verslanakeðjurnar og okkar sérstaða kafni. (R3)

Ég held að COVID gefi okkur möguleika á því að taka meðvitaða ákvörðun um hvað við viljum gera. Kannski eru það líka pólitískar ákvarðanir. [...] Viljum við að það sé það sama og áður eða er eitthvað sem við viljum breyta? Kannski gæti ein ákvörðunin verið um minjagripaverslanir með fjöldaframleidda hluti frá Kína, eins og þessa lundabangsa. Ekki það að þeir séu ekki sætir, þeir eru alveg sætir. En að hafa of mikið af þeim. Er það virkilega það sem við viljum eða dugar að hafa eina svona búð? (R6)

Nokkrir viðmælendur óskuðu eftir meiri nærgætni við menningu, siði og venjur íbúa og að íbúar yrði ekki ónáðaðir í daglega lífinu eða á hátíðisdögum. Eitt dæmi um aukna nærgætni tengdist ferðamönnum í sundlaugum og baðstöðum. Þörf væri á tilmælum til ferðamanna um að virða reglur á baðstöðum um að fólk þvoí sér áður en haldið er til laugar.

Það er mín staðfasta trú að við verðum að vera hörð á því að fólk baði sig nakið, líka fyrir aðra. Vegna þess að og hvað? Eigum við að breyta okkar kúltúr? Eigum við að fara að setja meiri klór í sundlaugar? Ef fólk getur ekki farið að þeim reglum sem er samfélagssáttmáli um hér á Íslandi, eigum við þá að fara að beygja okkur að einhverju og hlaupa út í það óendanlega? [...] Það er algjör óvirðing við okkur hin. (R9)

Eitt skýrasta dæmið um nærgætni við menningu íbúa tengdist tungumálinu. Sumir viðmælendur töluðu um að íslenskan væri á undanhaldi. Óskað var eftir því að ferðaþjónustan tæki þátt í því að hlúa betur að íslenskri tungu í miðborginni.

Það er eitt sem fer brjálæðislega í taugarnar á mér. Það heitir allt orðið bara á ensku. [...] Mér finnst svo miklu skemmtilegra þegar skilti og búðarnöfn og annað, þetta á að vera á íslensku en svo má það vera á

ensku líka. Ég fer ekki til Kaupmannahafnar eða Parísar til að sjá skilti á íslensku eða mínu móðurmáli. Ég vil fara og sjá mál sem er talað á viðkomandi stað. (R5)

Það talar enginn í ferðaþjónustunni um það að efla þjónustustig og hlúa betur að sínu starfsfólki og hvort það hafi nýtt tækifærið til að senda alla á íslenskunámskeið eða hvort það þeir höfðu einhver námskeið varðandi þeirra fag. (R12)

Ég legg til að það verði eyrnamerkt fé í íslenskukennslu fyrir starfsfólk í veitinga- og kaffihúsageira miðborgarinnar. Fengju klukkutíma á dag í upphafi vinnudags, á morgnana og það væri inni í þeirra vinnu. Það er ekki hægt að ætlast til að erlendum starfskraftur sem kemur hérna að hann sé eftir vinnu að læra málið eða bera kostnað af því sjálfur. Þetta eru bara kjarabætur og þarna ertu að viðhalda menningunni. [...] Þarna skaparðu vinnu fyrir íslenskukennara. [...] Ég ætlast ekki til að tékkneskur strákur sem vinnur á Roki kunni skil á Hávamálum. En mér þætti rosalega vænt um ef hann skildi kaffi, vatn, reikningur, tilboð. Bara þetta língó sem þú ert að nota í vinnunni. (R9)

2. Áhersla á ábyrga ferðaþjónustu

Viðmælendur kölluðu því að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð áhersla á ábyrgð og réttmæti og vildu þeir að hið opinbera hefði aukið eftirlit með ferðaþjónustunni. Talað var um að umgjörð ferðaþjónustunnar hafi ekki verið nægilega sterk, þröskuldur inn í ferðaþjónustuna hafi verið lágur og auðvelt fyrir hvern sem er að hefja rekstur. Viðmælendur voru meðvitaðir um að sum fyrirtæki hefðu haft rangt við s.s. gagnvart starfsfólki, ferðamönnum eða íbúum, farið á svig við gildandi reglur eða gengið á náttúruna. Talið var að orðspor ferðaþjónustunnar sem atvinnugrein hafi verið orðið laskað og að vonir um skjótan gróða hafi of oft ráðið för.

Nú er kannski auðvelt að plata einhvern að gera þetta eða kaupa hitt eða. En svo hugsar maður, er þetta einhver langtíma business-lausn? (R2)

Mér finnst að það þurfi að vera meira eftirlit með þessum lágu launum. Það sé ekki verið að undirborga. Að það sé verið að níðast á þeim sem langar að vinna og búa hérna og láta þá vinna sem apprentice og fá ekki borgað. Það er algjört æxli í mínum augum. Mér finnst að það þurfi að uppræta það gjörsamlega. (R4)

Þetta er allt spurning um stýringu og einmitt þessa innviðaupbyggingu. Ég held að ferðapjónustan hefur verið rekin á of litlu fé og bara á verktöku sem menn eru kannski ekki að borga almennileg laun. Það hefur allt að segja. Þannig að það verður svolítið gullgrafaraæði sem fer af stað. Þú bara ert að græða. (R10)

Ég vona að við vöndum okkur svolítið meira. Það náttúrulega kom líka fyrir og mér finnst ömurlegt þegar hótél voru að selja vatnið. Maður fékk bara sting í hjartað að sjá svona. Ég vona að við tökum þessu af meiri alvöru því þetta er svo mikilvægt fyrir okkar þjóðarhag. En mér finnst við ekki mega hafa þessar öfgar. Að ef að þetta hrynur þá hrynur allt, skilurðu. Mér finnst við verða að passa það svolítið. En hlúa betur að hverjum ferðamanni, einhvern veginn. Því ef að hann er glaður þá erum við glöð. (R3)

Mér finnst þessi áhersla á ódýrt flug og massaferðamennsku, mér líkaði hún aldrei. Mér hefur ekki fundist það passa við umhverfið, okkar litlu þjóð, okkar viðkvæma land og náttúru. Mér finnst ákveðið græðgiseinkenni á því að dæla fólki inn í landið. (R12)

Viðmælendur vildu að gróðasjónarmið í ferðapjónustu heyrðu sögunni til. Litið var á kórónuveirufaraldurinn sem tækifæri til að efla traust og var skorað á ferðapjónustuna að axla ábyrgð og á stjórnvöld til að bregðast við, það væri hagur allra.

3. Varfærni í hótélupbyggingu

Enginn vafi lék á því að ferðapjónustan hefði haft áhrif á húsnæðismál í miðborginni fyrir tíma COVID-19 eins og áður hefur komið fram. Uppbygging gistirýma fyrir ferðamenn í miðborginni var gerð að umtalsefni, bæði í tengslum við skammtímaleigu húsnæðis og hótél. Talað var um að mörg húsfélög í fjölbýlishúsum hefðu gripið til ýmissa ráðstafana og m.a. bannað skammtímaleigu eigna íbúðareigenda. Mörgum óaði við uppbyggingu hótela sem þeim sýndist engan endi ætla að taka.

Auðvitað þekkjum við sjálf frá því að vera erlendis að vilja gjarnan búa á hótélum miðsvæðis. Það er það sem okkur langar til að gera. [...] Þeir sem eru framkvæmdaðilar eru að veðja á það að þeir eru að reyna að toga enn fleiri ferðamenn í miðbæinn. Það getur verið pínulítið varasamt og

líka fyrir ferðamennina, ef þeir mæta svo í miðbæ Reykjavíkur og sjá varla nokkurn innfæddan. Við erum örfáar hræður þarna. (R7)

Sumum fannst háhýsi og nýjar hótélbyggingar ekki samræmast lágrestri byggð miðborgarinnar. Hraði uppbyggingarinnar þótti vera mikill og var kallað eftir meiri varfærni í skipulagningu frekari gistipjónustu við ferðamenn. Nokkrir viðmælendur vildu að gisti- eða hótélkvóti yrði útvíkkaður eða útfærður með einhverjum hætti.

Ég var einmitt að labba framhjá Kvosinni og H&M og var að hugsa. „Ég gæti verið hvar sem er í heiminum núna!“. Skilurðu? Þá var Stjórnarráðið að hverfa. Þessi sjarmerandi, minni hús bara hverfa. (R3)

Hótélbyggingarnar draga þá [ferðamenn] enn meira í miðbæinn eða tryggja það að þeir eru mikið hér á svæðinu. Þetta getur verið áhyggjuefni. [...] Tökum bara, ef þessi Miðbakkahugmynd verði líka að veruleika sem kannski verður nú ekki, það er ekkert smáræði af hótél þar. Þannig að þetta stefnir allt á sama veg. (R7)

Auðvitað skilur maður að hótél þurfi að vera í miðbænum upp að vissu marki. Mér finnst bara eðlilegt að setja kvóta á hótélin. Alveg eins og það er kvóti á veitingahús og þjónusturými og svona á 1. hæð eða það þurfi að gera það. (R4)

Það væri þá borgaryfirvalda að skoða það og skipulagsmál líka. Öll þessi frekjulegu hótél alls staðar hafa fengið að ganga svolítið langt. [...] Bæði Airbnb og hótél, það mætti dreifast meira um borgina. Þetta er allt sett á sama punktinn. Og einmitt að þetta sé í flútti við það sem fyrir er. Mér finnst það skipta rosa miklu máli. Til dæmis það sem er búið að byggja niðri á Lækjargötu, það er rosa stórt. Og Hafnartorgið. Þetta er rosa stórt. Þar verður náttúrulega hótél og þetta hótél sem maður fékk aldrei að sjá fyrr en bara það kemur upp sem verður við hliðina á Hörpunni. (R10)

En það þarfsamt og er alltaf verið að tala um og það er til einhver formúla fyrir hvað mega vera margar búðir á Laugaveginum versus þjónusta og annað. Það er búið að vinna einhverja svona vinnu. Ég held að það þurfi bara að halda áfram með hana. (R5)

Viðmælendur töldu að slíkur kvóti gæti spornað við að ásýnd miðbæjarins myndi breytast frekar og stuðla að frekara jafnvægi milli ferðapjónustunnar og samfélags heimamanna.

4. Breyttar áherslur um fjölgun ferðmanna

Enginn vafi lék á því að ferðamenn myndu koma aftur þegar ferðatakmörkunum yrði aflétt í heiminum. Flestir viðmælendur vonuðu að farið yrði hægt í sakirnar og með tilliti til þróunar heimsfaraldursins. Allir viðmælendur voru sannfærðir um að ferðamenn myndu skila sér til landsins og í miðborgina á ný. Sumir hlökkudu til en aðrir stilltu væntingum í hóf.

Núna vonar maður bara að við tökum svolítið hæg skref inn í framtíðina. Ferðamenn munu koma og vonandi munum við kunna meira að meta þá. (R12)

Ísland hefur aðdráttarafl og miðborgin er nú þrátt fyrir allt stærsti ferðamannastaðurinn. Ég veit ekki hvað það tekur mörg ár, kannski 2 ár eða 5 ár, það veit enginn en ég spái því að á endanum muni ferðamennirnir streyma aftur hingað meira en nokkru sinni fyrr. (R7)


Ég vil helst bara fara að sjá fólk sem fyrst. [...] Þó það sé ekki nema brotabrot af því sem var að koma. Við þurfum ekkert að fara aftur upp í sömu tölu á fyrsta ári en þá verði ánægjan bara það mikil að það færi svo mikið líf að það eigi eftir að birta yfir öllu. (R4)

Ég er ánægð með ferðmennina [...] og er viss um að íbúarnir myndu fagna því að fá einhverja ferðamenn aftur. Ég er viss um að einhverjir bíði eftir að þeir komi aftur. [...] Ég vona bara að þeir komi aftur þegar það er öruggara fyrir alla. Annars verður spennu. Ég er viss um að ferðamönnum verði kennt um að koma veirunni hingað aftur og að þeir hafi sýnt vanvirðingu. Svoleiðis er aldrei gott (R6)


Þetta gæti verið smá þversögn því ég var orðin rosalega pirruð á ferðamönnum og þeytt á þeim að mörgu leyti og svona. En svo núna þegar allt er dottið niður þá sér maður hvað miðbærinn er að drabbast niður og önnur hver búð lokuð á Laugaveginum og miklu, miklu minna líf í bænum. En ég hugsaði samt með mér: „Ókei, ég væri alveg til í að fá hluta þeirra tilbaka aftur“. (R5)

Um 74% svarenda í 101 Reykjavíkur sögðust hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í heimabyggðina (mynd 13) og jókst tilhlökkunin marktækt ef svarendur störfuðu í ferðaþjónustu, voru karlar eða sjálfstætt starfandi.

Íbúar í miðborg Reykjavíkur voru ekki á því að þörf væri á áframhaldandi markaðssetningu heimabyggðarinnar til að laða að fleiri ferðamenn (mynd 14) Hlutfall þeirra sem taldi vera þörf á markaðssetningu var langlægst í 101 Reykjavík



Mynd 13 Hlutfall svarenda sem hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur - allir staðir




Mynd 14 Viðhorf íbúa til áframhaldandi markaðssetningar heimabyggðar til að laða að fleiri ferðamenn - allir staðir

samanborið við hin svæðin þrjú. Í Reykjavík voru karlar og einstaklingar með 11-20 ára búsetu í miðbænum líklegastir til að vera fylgjandi áframhaldandi markaðssetningu.

Viðmælendur í miðborginni bjuggust ekki við því að fjöldi ferðamanna færi mjög hratt í þær hæðir sem var á árunum 2016-2018 þegar fjöldinn var sem mestur. Lítil áhugi var fyrir því að heimamenn yrðu „undir“ í miðborginni með sama hætti og þeir höfðu upplifað fyrir faraldurinn. Fæstum viðmælendum stóð á sama um hvernig farið yrði að því að taka á móti ferðamönnum á ný. Nú væru tækifæri til að gera breytingar.

Ég held að við ættum að vanda okkur meira en við gerðum í fyrra skiptið. Þetta fór svo hratt af stað og var svo mikið og yfirþyrmandi að við ættum að finna einhverja leið til að fara hægar í þetta. Ég held að það gerist meira og minna af sjálfu sér og að ferðabjónusta fari mjög hægt í gang eftir þennan faraldur. Þess vegna þurfum við að fara betur með núna og reyna að vanda okkur. (R1)



Mynd 15 Afstaða íbúa í 101 Reykjavík til fjölda ferðamanna að loknum heimsfaraldri

Afstaða gegn áframhaldandi fjölgun ferðamanna frá því fyrir COVID var skýr. Í símakönnun kom fram að meirihluti íbúa miðborgarinnar vildi ekki fá fleiri erlenda ferðamenn í miðborgina heldur en fyrir kórónuveirufaraldurinn (mynd 15). Hlutfall íbúa sem var á því að fækka ætti erlendum ferðamönnum var langlægst í Reykjavík. Karlar voru marktækt líklegri en konur til að vilja fleiri erlenda ferðamenn í miðborgina. Tæplega helmingur svarenda taldi æskilegt að fjölga hópferðamönnum, þar með töldum farþegum af skemmtiferðaskipum. Í miðborginni voru karlar líklegri en konur til að vilja færri hópferðamenn. Aftur á móti þótti meirihluta miðborgarbúa æskilegt að fá fleiri ferðamenn á veturna. Í viðtölunum töluðu íbúar miðborgarinnar nær eingöngu um erlenda ferðamenn án þess að aðgreina hópinn frekar. Nokkrir viðmælendur töluðu um að ferðamennska sem legði áherslu á því að fá sem flesta ferðamenn eða tiltekinn hóp ferðamanna sem væri vel borgandi væri ekki spennandi kostur fyrir miðborgina og Ísland. Áherslur um fjölbreytileika ferðamanna var skýr.

Þessi massatúrismi er ekkert rosalega spennandi. Mikið af rútum og svona, þetta er ekkert mjög attractive. Það er einmitt líka það sem heimamönnum hefur fundist svolítið óspennandi. (R11)

Mér finnst svo sorglegt þegar maður heyrir að ef þú átt peninga þá máttu vera hérna. [...]Mér finnst það neikvætt, mig langar ekki að sjá það. Ég vil sjá fjölbreytileikann. Puttalingana finnst mér líka nauðsynlegt að hafa. Þetta má ekki bara fara út í það að við verðum að græða á þeim. (R3)

Auðvitað þarftu alltaf í markaðsstarfi að fókusera á einhvern ákveðinn hóp en mér finnst ekki að það eigi að útiloka fólk því þetta er líka hluti af mannlífinu og bara hafa blöndunina. Það séu ekki allir steptir í sama mótið. (R4)

Nú kemur í kollinn á mér bara umræðan um betur borgandi ferðamenn. En ég veit það ekki alveg. [...] Viltu ekki frekar hafa þannig land að fólk kemur ekki bara í helgarferðir til Reykjavíkur heldur að neyslan fari á Suðurlandið, Norðurlandið og Vesturlandið? Að þetta sé hagbót fyrir bara fólk sem býr í Reykjavík? [...] Eða þú targetar kannski einhvern hóp sem er bara í layover milli Bandaríkjanna og Evrópu en er til að eyða pening, þá ertu samt bara með fólk sem er fer í Bláa lónið, borðar í Reykjavík og fer aftur úr landi. Ég veit ekki alveg hvort það væri sniðugt að targeta. [...] Mér finnst að hafa fjölbreyttan hóp líka vera svakalega sterkt. Fólk sem sækir í mismunandi hluti. Kannski ekkert endilega að það sé frá mismunandi löndum. (R8)


Í símakönnuninni var rúmlega helmingur svarenda í 101 á því að fjölga ætti innlendum ferðamönnum í miðborginni frá því fyrir faraldurinn. Hlutfall íbúa á þessari skoðun var langlægst í 101 samanborið við hin staðina þrjá þar sem hlutfall íbúa sem vildi sjá fleiri innlenda ferðamenn var á bilinu 75-91%. Í Reykjavík var marktækur munur á svörum eftir aldurshópum en með hækkandi aldri var fólk líklegra til að vilja fleiri innlenda ferðamenn. Í viðtölunum virtist síður litið á Íslendinga í miðborginni sem innlenda ferðamenn og yfirleitt var talað um þá sem heimamenn/Íslendinga, óháð búsetu, eins og áður hefur komið fram. Hins vegar var því velt upp fyrir hvern miðborgin væri og hversu aðgengileg hún væri fyrir aðra íbúa höfuðborgarsvæðisins. Miðborg Reykjavíkur ætti að vera fyrir alla.

Ég held að fólk sem býr í Reykjavík utan við 101 sé flest sammála því að það er mjög erfitt að leita í miðbæinn. Miðbærinn hefur svolítið þróast bara fyrir þá sem búa niðri í bæ, eða nálægt miðbænum og fólk sem eru ferðamenn niðri í bæ. [...] Mér finnst það aðeins hafa tapast að það er erfitt að koma niður í bæ ef þú ert bara einstaklingur sem vilt kannski koma og fara á kaffihús. Það er bara mín skoðun án þess að fara að verða allt of pólitísk. (R8)

Í viðtölum tengdist umræða um innlenda ferðamenn síður aðgengi fólks að miðborginni og meira um innlenda ferðamenn á Íslandi almennt. Margir viðmælendur höfðu sjálfir ferðast innalands í kórónuveirufaraldrinum og hafði sumum komið á óvart að í faraldrinum hefðu opnast ný tækifæri fyrir landsmenn til að ferðast um landið.

Mér finnst þetta ástand hafa opnað landið fyrir Íslendingum. Mér finnst það stór plús. Auðvitað er verðlag á allri affreyingu miðað við ferðamanninn þannig að það er kannski fulldýrt fyrir Íslendinga að ætla að taka þátt í öllu því sem er í boði. En ef það kæmist eitthvað jafnvægi á það þá væri það eitt af stóru tækifærunum. Svo má ekki loka á Íslendinginn um leið og útlendingarnir koma. (R12)

Í símakönnun kom fram eindreginn vilji íbúa á öllum rannsóknastöðunum fyrir því að íslensk stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til þess að ferðast um eigið land (mynd 16). Marktækur munur var á svörum miðborgarbúa samanborið við svör íbúa annars staðar og munaði þar um að hlutfall fylgjandi var lægra í borginni en á hinum stöðunum. Í borginni voru konur marktækt líklegastar til að vera fylgjandi aðgerðum stjórnvalda til að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land.



Mynd 16 Hlutfall íbúa sem taldi mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu eftir COVID-19

Til að kanna nánar viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu í heimabyggðinni eftir að kórónuveirufaraldrinum lýkur var gerð sameiginleg þátta- og aðhvarfsgreining á gögnum símakönnunarinnar á öllum rannsóknastöðunum fjórum; þ.e. 101-Reykjavík, Mývatni, Höfn og Ísafirði. Spurningar sem voru í forni fullyrðinga og mældu viðhorf einstaklinga til ferðaþjónustu og ferðamanna í heimabyggð eftir COVID-19 lýkur voru þáttagreindar. Fullyrðingarnar voru allar á 5-punkta viðhorfskvarða þar sem gildið 1 táknaði mjög ósammála og gildið 5 táknaði mjög sammála. Til að kanna hvort forsendur væru fyrir þáttagreiningu var gert KMO-próf sem gaf niðurstöðuna 0,812. Fylgni var mæld með Bartlett's-prófi, p-gildi var 0,000 og var hún marktæk; því voru forsendur til staðar fyrir þáttagreiningu. Dregnir voru út 2 þættir sem höfðu eigið gildi yfir einum og skýrðu þessir þættir 58,3% af heildardreifingu svara. Notaður var hornréttur snúningur (Varimax with Kaiser Normalization). Í fyrri þáttinn hlóðust spurningar um viðhorf

svarenda til fjölda ferðamanna að faraldrinum loknum. Í seinni þáttinn hlóðust spurningar um viðhorf til mikilvægis ferðapjónustunnar. Í töflu 4 má sjá þær spurningar sem hlóðust á þættina og þáttahleðslur þeirra (e. *factor loadings*).

Tafla 4 Þættir og þáttahleðslur

Þættir		
Staðan eftir COVID-19	Viðhorf til fjölda ferðamanna	Viðhorf til mikilvægis ferðapjónustu
Ég hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í mína heimabyggð	0,383	
Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn	0,745	
Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn	0,731	
Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn	0,662	
Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna	0,573	
COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu		0,816
Það er mikilvægt fyrir mína heimabyggð að ferðapjónustan nái fyrri styrk		0,742

Tafla 5 sýnir alfastuðla þáttanna en stuðullinn gefur til kynna hvert samræmið sé á milli svara einstaklinga við spurningunum í hvorum þætti.

Tafla 5 Alfastuðlar þáttanna

Þáttur	Alfastuðull
Viðhorf til fjölda ferðamanna	0,736
Viðhorf til mikilvægis ferðapjónustu	0,605

Út frá þessum þáttum voru útbúnir mælikvarðar á grundvelli þáttanna. Þetta var gert með því að leggja saman spurningarnar sem hlóðust á hvern þátt og deila með fjölda þeirra. Mælikvarðarnir voru á bilinu 1-5 þar sem 1 táknaði þá sem höfðu mjög neikvæð viðhorf og 5 táknaði þá sem höfðu mjög jákvæð viðhorf. Tafla 6 sýnir lýsandi tölfræði fyrir þættina.

Tafla 6 Lýsandi tölfræði fyrir þættina

Þáttur	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Viðhorf til fjölda ferðamanna	1166	1	5	3,717	0,779
Viðhorf til mikilvægis ferðapjónustu	1213	1	5	4,472	0,691

Meðaltal fyrir viðhorf til mikilvægis ferðapjónustunnar var nokkuð hátt og sýnir jákvæð viðhorf íbúa á stöðunum fjórum til mikilvægis ferðapjónustu að loknum heimsfaraldri. Meðaltal fyrir viðhorf íbúa til fjölda ferðamanna eftir COVID-19 var 3,7 sem einnig sýnir jákvæð viðhorf íbúa. Niðurstöðurnar sýna þó að íbúarnir voru jákvæðari gagnvart mikilvægi ferðapjónustu í heimabyggðinni en til fjölda ferðamanna eftir COVID-19.

Til að meta tengsl milli bakgrunnspátta og viðhorfa íbúa þegar öðrum breytum var haldið stöðugum var gerð línuleg aðhvarfsgreining á hverjum stað fyrir sig. Kannað var hvaða tengsl væru milli tiltekinnna breyta á áhrifum á þættina þegar tekið var tillit til kyns, menntunar, aldurs, búsetu, lengd búsetu, stöðu á vinnumarkaði og hvort þeir störfuðu í ferðaþjónustu. Í töflu 7 má sjá niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar fyrir 101 Reykjavík á viðhorfum íbúa til fjölda ferðamanna og mikilvægis ferðaþjónustu eftir COVID-19. Engin tengsl fundust milli menntunar, aldurs, lengd búsetu og stöðu á vinnumarkaði.

Í greiningunni fékk viðmiðunarhópurinn gildið 0 og var ANOVA-próf notað til að meta marktæk áhrif. Í töflunni má sjá að munur var á svörum viðmiðunarhópanna í 101 Reykjavík. Íbúar í 101 voru að jafnaði með lægra meðaltal en íbúar við Mývatn, á Höfn og Ísafirði á kvarða yfir viðhorf til fjölda ferðamanna. Það þýðir að íbúar í miðborginni voru ekki eins jákvæðir í viðhorfum til fjölda ferðamanna eftir COVID-19 og íbúar hinum stöðunum þemur. Meðaltal íbúa í 101 á kvarða yfir viðhorf til mikilvægis ferðaþjónustu var tiltölulega hátt en þó marktækt lægra samanborið við svör íbúa á Höfn og við Mývatn. Það þýðir að viðhorf íbúa við Mývatn og á Höfn til mikilvægis ferðaþjónustu voru jákvæðari en íbúa á Ísafirði og í 101 Reykjavík. Fólk sem starfaði í ferðaþjónustu var jákvæðara í viðhorfum til fjölda ferðamanna og mikilvægis ferðaþjónustu eftir COVID-19 en þeir sem ekki störfuðu við ferðaþjónustu. Þá sést einnig að í Reykjavík voru tengsl milli kyns og viðhorfa einstaklinga til fjölda ferðamanna. Karlar voru að jafnaði með herra meðaltal en konur á kvarða yfir viðhorf til fjölda ferðamanna. M.ö. o. voru karlar jákvæðari í viðhorfum sínum en konur í miðborg Reykjavíkur.

Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þáttum um endurreisn ferðaþjónustunnar í 101 Reykjavík

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu eftir COVID-19*		
	Viðhorf til fjölda ferðamanna	Viðhorf til mikilvægis ferðaþjónustu
Búseta (101 Rvk=0)	3,430	4,329
Ísafjörður	0,627**	0,056
Mývatn	0,250**	0,322**
Höfn	0,251**	0,340**
Kyn (karlar Rvk =0)	3,602	4,415
Konur Rvk	-0,363**	-0,179
*Kvarði frá 1-5; 1=mjög neikvæð viðhorf; 5=mjög jákvæð viðhorf		
**p>0,005		

SAMANTEKT

Fyrir kórónuveirufaraldurinn var miðborg Reykjavíkur miðpunktur iðandi mannlífs enda fjölmennasti áfangastaður ferðamanna hér á landi. Ferðaþjónustan var fastur hluti af borgarmyndinni og hafði margvísleg jákvæð áhrif s.s. fjölbreytni og aukna þjónustu. Vísbendingar voru til staðar um staðbundið eða tímabundið álag og var sambúð íbúa við ferðaþjónustu flókin. Á meðan sumir höfðu jákvæða reynslu af ferðamönnum og ferðaþjónustu var greinilegt að álagið hafði aukist. Á tímabili fundu sumir íbúar fyrir því að ferðaþjónustan væri orðin yfirþyrmandi.

Áhrif kórónuveirufaraldursins á ferðaþjónustuna komu hratt fram í miðborginni. Skyndilega urðu ferðamenn mjög fáir, erillinn á götunum minnkaði og veitinga- og skemmtistöðum var skellt í lás. Þessar hröðu breytingar höfðu mismunandi áhrif á íbúana. Sumir fundu fyrir létti, fundu óvænta en kærkomna hvíld og nýtt jafnvægi. Aðrir fundu fyrir tómleika. Símakönnun leiddi í ljós að meirihluta svarenda í 101 Reykjavík fannst miðborgin dauflegri og að neikvætt væri að erlendum ferðamönnum hefði fækkað.

Rúmlega helmingur íbúa í miðborginni kvaðst ekki hafa fundið fyrir skerðingu á þjónustu í bænum vegna fækkunar ferðamanna. Lítil eftirsjá var af fjölda minjagripaverslana sem höfðu lokað í faraldrinum og voru áður taldar vera ein birtingarmynd of einsleitrar verslunar í miðborginni. Ánægja var með afgreiðslu veitingastaða á mat út úr húsi.

Flestir viðmælendur höfðu ekki fundið fyrir áhrifum af forsendubresti í ferðaþjónustu á sínar tekjur. Þeir viðmælendur sem höfðu verið í ferðaþjónustu misstu þó vinnuna í faraldrinum. Aðhvarfsgreining sýndi að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga sem störfuðu í ferðaþjónustu voru neikvæðari en á tekjur einstaklinga í öðrum atvinnugreinum. Í símakönnuninni kom fram að um 4 af hverjum 10 íbúum í miðborginni taldi COVID-19-faraldurinn hafa haft neikvæð áhrif á tekjur þeirra eða fjölskyldna. Hlutfall þeirra sem töldu að atvinnuleysi í ferðaþjónustu í faraldrinum hefði bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu var mun hærra í 101 Reykjavík en á hinum rannsóknarstöðunum þremur.

Íbúar í miðborginni voru á einu máli um að COVID-19 hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið á svæðinu. Viðmælendur töldu að faraldurinn hefði afhjúpaði margt um ferðaþjónustuna í miðborginni sem þeir höfðu ekki áttað sig á fyrr en í faraldrinum. Sumir sögðust hvorki hafa áttað sig á mikilvægi né umfangi ferðaþjónustunnar fyrr og að faraldurinn hafi bæði dregið jákvæðar hliðar hennar og vankanta betur fram en áður. Hjá mörgum rann fyrst upp hversu mikið álagið hafi verið þegar ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Að mati íbúa hafði faraldurinn og áratugurinn á undan undirstrikað að miklar sveiflur í fjölda ferðamanna væru ekki góðar fyrir samfélagið og heppilegra væri ef slíkar breytingar tækju lengri tíma.

Þótt meirihluti íbúa í 101 hafi ekki verið í vafa um mikilvægi þess að ferðaþjónustan næði fyrri styrk að faraldri loknum var hlutfall svarenda á þeirri skoðun marktækt hærra á hinum rannsóknarstöðunum. Meirihlutinn var fylgjandi því að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður. Viðtölin undirstrikuðu þetta sjónarmið en viðmælendur kölluð eftir meiri áherslu á ábyrga ferðaþjónustu.

Enginn vafi lék á því að ferðamenn myndu koma aftur þegar ferðatakmörkunum yrði aflétt í heiminum. Þrír af hverjum fjórum íbúum miðborgarinnar sögðust hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur. Meirihluti íbúa var mótfallinn frekari markaðssetningu miðborgarinnar til að laða að fleiri ferðamenn og lítill áhugi var á því að fá fleiri erlenda ferðamenn í miðborgina heldur en fyrir faraldurinn. Óttuðust íbúar að þeir yrðu „undir“ í miðborginni með sama hætti og þeir höfðu upplifað fyrir faraldurinn. Viðtölin sýndu fram á eindreginn vilja íbúa um að sambúð við ferðaþjónustuna í miðborginni væri góð. Kallað var eftir því að tækifærið, sem myndaðist í faraldrinum, yrði nýtt til að gera breytingar og efla traust meðal íbúa. Íbúarnir voru meðvitaðir um að miðborg án íbúa er ekki aðlaðandi fyrir ferðaþjónustuna. Lögð var áhersla á að nærgætni við íbúana væri höfð að leiðarljósi við endurreisn ferðaþjónustunnar í miðborginni og að hugað verði sérstaklega að þörfum íbúanna, sérstöðu miðborgarinnar og grunnþjónustu við

íbúa. Krafa var gerð á ferðþjónustuna um vandvirkni og hvöttu íbúar stjórnvöld til að vinna markvisst gegn einsleitni í þjónustu og verslun og skapa rými fyrir nýsköpun.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ – ALLIR STAÐIR

Áhrif fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins vorið 2020 voru mismunandi á stöðunum fjórum. Á Ísafirði var staða ferðaþjónustunnar ekki ofarlega í huga íbúanna; fækkun ferðamanna vakti raunar litla eftirtekt þar sem fyrsta bylgja kom upp á tíma þegar ferðamenn eru vanalega fáir á Vestfjörðum. Í miðborg Reykjavíkur, fjölmennasta ferðamannastað landsins, komu áhrifin hratt fram þegar ferðamönnum fækkaði skyndilega og veitinga- og skemmtistöðum var lokað. Í Mývatnssveit, þar sem ferðaþjónustan hafði á fáum árum orðið að undirstöðuáttugrein sveitarinnar, dróst umferð hratt saman og fyrirtækjum var lokað. Það þótti þó í fyrstu ekki óvenjulegt að loka fyrirtækjum tímabundið þar sem Mývetningar voru vel kunnugir ástríðabundnum rekstri í ferðaþjónustu. Á Höfn, þar sem vetrarferðaþjónusta hafði blómstrað, var íshellaferðatímabilið í fullum gangi og bundu margir vonir við að faraldurinn yrði skammvinnur.

Fækkun ferðamanna hafði mismunandi áhrif á íbúana. Í 101 Reykjavík fundu sumir íbúar óvænta en kærkomna hvíld og nýtt jafnvægi. Aðrir fundu fyrir tómleika. Í Mývatnssveit var upplifuninni af brotthvarfi ferðamanna lýst sem fjarstæðukenndri. Á sama tíma var hluti íbúa í spennufalli og á Höfn þótti eftirsjá af lífinu sem fylgdi ferðamönnum en sumir íbúar áttuðu sig ekki á álagi fyrir en ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Á þessum þremur stöðum töluðu sumir íbúar um að það hafi fyrst runnið upp fyrir þeim hversu mikið álagið hafi verið þegar ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Á Ísafirði komu áhrif fækkunar á íbúa ekki fram fyrir en annars vegar um páskana þegar Skíðavikan og tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður féllu niður og hins vegar þegar skemmtiferðaskipin komu ekki til Ísafjarðar um sumarið 2020. Á öllum stöðum kom fram að tímabundin hvíld frá ferðamönnum hefði verið kærkomin en heimabyggðin hefði verið dauflegri og að neikvætt væri að erlendum ferðamönnum hefði fækkað.

Á öllum rannsóknarstöðunum var talið að COVID-19 hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið á svæðunum. Að mati íbúa á Höfn og í Mývatnssveit lá mikilvægið í augum uppi þar sem staða ferðaþjónustunnar var talin alvarleg. Á Ísafirði var íbúum ljóst að Ísafjarðarhöfn yrði af verulegum tekjum þar sem

skemmtiferðaskipin komu ekki. Í 101 Reykjavík sögðust sumir íbúar hvorki hafa áttað sig á mikilvægi né umfangi ferðaþjónustunnar í miðborginni fyrir en í faraldrinum.

Enginn vafi var á mikilvægi þess að ferðaþjónustan næði fyrri styrk að faraldri loknum. Meirihluti íbúa á öllum stöðum var fylgjandi því að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður. Í viðtölum við íbúa kom fram að umræða um sjálfbærni væri nokkuð flókin og þótti óljóst hvort markvisst væri unnið að eflingu sjálfbærni í ferðaþjónustu. Í Mývatnssveit var kallað eftir langtímahugsun við skipulagningu innviða og uppbyggingu áfangastaða í sveitinni. Einnig var almennt kallað eftir ákvörðunum um hvaða staðir í sveitinni ættu að vera ferðamannastaðir. Á Höfn var áhersla lögð á eflingu umferðaröryggis og úrbætur á vegakerfi til að anna miklum umferðarþunga og oft ógætilegum akstri. Kallað var eftir langtímahugsun í skipulagi og að hugað yrði að þörfum íbúa til að finna jafnvægi, einkum ef unnið yrði að því að fjölga ferðamönnum. Auk þess var kallað eftir því að rekstur og skipulag ferðaþjónustu yrði drifin af ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi. Á Ísafirði þótti upplifun af ferðaþjónustu vegna skemmtiferðaskipa fyrir faraldurinn og upplifun af annarri ferðaþjónustu vera of ólík til að hægt væri að ræða hana undir sömu formerkjum. Í viðtölum kom fram efi um að Ísfirðingar væru almennt reiðubúnir að fara aftur í þær aðstæður sem voru í bænum fyrir faraldurinn á stóru skipadögum og voru orðnar þreytandi. Íbúunum þar var ekki ljóst hvernig stýra mætti skipakomum ef hagsmunir hafnar og íbúa færu mögulega ekki saman. Í miðborg Reykjavíkur var mikil áhersla lögð á að nærgætni við íbúana yrði höfð að leiðarljósi við endurreisn ferðaþjónustunnar í miðborginni enda vissu þeir vel að miðborg án íbúa væri ekki aðlaðandi fyrir ferðaþjónustuna.

Þáttgreining sýndi að viðhorf íbúa til ferðamanna eftir COVID-19 voru jákvæð á öllum stöðum en þó var marktækur munur á svörum eftir búsetu. Þannig reyndust íbúar á Ísafirði vera marktækt jákvæðastir í viðhorfum til ferðamanna eftir COVID-19 en íbúar í 101 Reykjavík voru minna jákvæðir. Á öllum stöðum kom fram að íbúar söknuðu ferðamanna og að þeir hlökkuðu til að fá erlenda ferðamenn á

staðina en alls staðar nema á Ísafirði komu fram efasemdir um frekari markaðssetningu staðanna til að laða að fleiri ferðamenn. Þrátt fyrir það voru einnig efasemdir um að íbúar væru reiðubúnir að fá fleiri ferðamenn heldur en fyrir faraldurinn. Fyrri kannanir á viðhorfum Íslendinga hafa gefið til kynna að fjöldi ferðamanna í heimabyggð hafi almennt ekki verið áhyggjuefni þar sem meirihluta landsmanna hefur fundist fjöldinn vera hæfilegur (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Nú virðast íbúar á stöðunum fjórum hins vegar vilja stíga aðeins á bremsuna varðandi frekari fjölgun erlendra ferðamanna og voru ekki samþykkir fjölgun í þeirri mynd og við þær aðstæður sem hún var á árunum fyrir faraldurinn. Öðru máli gegndi um fjölgun innlendra ferðamanna og sömuleiðis sáu menn tækifæri í fjölgun vetrarferðamanna.

Niðurstöður símakönnunar á stöðunum fjórum sýna ívið jákvæðari viðhorf íbúa til mikilvægis ferðapjónustu en til fjölda ferðamanna eftir COVID-19. Fyrri rannsóknir á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu hafa sýnt að hlutfall landsmanna sem hafa verið neikvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum og ferðapjónustu hefur verið lágt. Þar sést að óánægja með ferðapjónustu hafi m.a. beinst að ferðapjónustuaðilum sem þurfi að vanda betur til verka í sinni starfsemi og að sveitarfélög og ríki þurfi að standa betur í móttöku ferðamanna, stýringu umferðar og upplýsingagjöf (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Íbúar hafa þannig gagnrýnt skipulags- og eftirlitsaðila, ferðapjónustufyrirtæki, verslanir og stjórnvöld fyrir að standa sig ekki í stykkinu (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019). Það er í raun ekki margt sem skýrir þessa miklu jákvæðni í rannsókninni núna en í viðtölunum gætu falist hugsanlegar skýringar. Á öllum rannsóknarsvæðunum kom fram ríkur vilji fyrir því að ferðapjónustan næði fyrri styrk að faraldrinum loknum en á sama tíma töluðu íbúar um að pásan í ferðapjónustunni sem varð vegna COVID-19 hefði gefið von um að hægt væri að gera breytingar. Þannig hefði myndast rými til endurskipulagningar og ráðast í breytingar sem íbúarnir töldu vera brýnar til að efla sjálfbærni greinarinnar og auka ánægju íbúa. Stundum var um að ræða

staðbundnar breytingar í einum hluta samfélagsins sem íbúar töldu að myndi skila sér margfalt tilbaka til íbúanna, eins og breytingar í matvöruverslun á Höfn og í Mývatnssveit og breytingar í verslunarúrvali í 101 Reykjavík. Stundum var það uppbygging og viðhald innviða á ferðamannastöðum og á vegakerfi sem íbúum þótti skorta eða var ekki í samræmi við vöxt ferðamenskunnar fyrir faraldurinn sbr. Mývatnssveit, Höfn og Ísafjörð. Í öðrum tilfellum var kallað eftir endurhugsun í skipulagsmálum og stefnumörkun sveitarfélaga varðandi ferðapjónustu sem tæki betur mið af þörfum íbúa sbr. 101 Reykjavík, Ísafjörð og Mývatnssveit. Á öllum stöðum var kallað eftir ábyrgari ferðapjónustu sem tæki ekki bara mið af hagnaði heldur væri drifin af ábyrgð gagnvart nærsamfélagi, ferðamönnum og umhverfi.

HEIMILDASKRÁ

- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020a). *Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020b). *Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæði til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2020-25. Sótt 5. júlí 2021 af https://reykjavik.is/sites/default/files/ferdamalastefna_reykjavikurborgar_2020-2025.pdf.
- Ferðamálastofa. (2015). *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastofa. (2020). *Rannsóknaráætlun 2020-2022. Áætlun um rannsóknir og gagnöflun í ferðaþjónustu*. Ferðamálastofa. Sótt 28. ágúst 2020 af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/rannsoknaraetlun-2020-2022-loka.pdf.
- Ferðamálastofa. (e.d.). *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna*. Sótt 5. júlí 2021 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>.
- Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Hagstofa Íslands (2021). *Mannfjöldinn eftir póstnúmerum, kyni og aldri 1998-2021* [talnasafn]. Sótt 18. júní 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_bygg_dir_Byggdakjarnarhverfi/MAN03200.px/table/tableViewLayout1/?rxid=8f8b6d7b-d713-46dd-a4b2-378bfb3af918
- Helgadóttir, G., Einarsdóttir, A. V., Burns. G. L., Gunnarsdóttir, G. Þ. og Matthíasdóttir, J. M. E. (2019). Social sustainability of tourism in Iceland: A qualitative inquiry. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 19 (4-5), 404-421. DOI: 10.1080/15022250.2019.1696699.
- Ivanova, M., Ivanov, I.K og Ivanov, S. (2020). Travel behaviour after the pandemic: the case of Bulgaria. *Anatolia*, DOI: 10.1080/13032917.2020.1818267.
- Íbúðalánasjóður. (2018). *Skammtímaleiga íbúða í gegnum Airbnb*. Sótt 4. júní 2021 af <https://www.ils.is/library/4-Hagdeild-skrar/Skammt%C3%ADmaleiga%20%C3%ADb%C3%BA%C3%B0a%20%C3%AD%20gegnum%20Airbnb.pdf>.
- Maskína. (2019). *Höfuðborgarstofa – Viðhorf til erlendra ferðamanna ágúst 2019*. Sótt 11. nóvember 2020 af, https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/matsedlar/2019/h_ofudborgarstofa_-_vidhorf_ibua_hofudborgarsvaedisins_til_ferdamanna_og_ferdathjonustu.pdf
- Oddný Þóra Óladóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2019: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Reykjavíkurborg. (2017, 20. júní). *Akstur hópþreifreiða um miðborgina óheimil*. Sótt 6. júní 2021 af <https://reykjavik.is/frettir/akstur-hopþreifreiða-um-midborgina-oheimill>.
- Reykjavíkurborg. (e.d.) *Rútustoppistöðvar*. Sótt 6. júní 2021 af <https://reykjavik.is/thjonusta/rutustoppistodvar>.
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Miðborg*. Sótt 5. júlí 2021 af <https://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/midborg>.

Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Stjórnarráð Íslands. (2016, 30. desember). *Nýjar reglur um heimagistingu – heimilt að leigja út íbúð í allt að 90 daga*. Sótt 6. júní 2021 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2016/12/30/Nyjar-reglur-um-heimagistingu-heimilt-ad-leigja-ut-ibud-i-allt-ad-90-daga/>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðaþjónusta til 2030*. Sótt 2. október 2020 af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=d99f362e-5adb-428f-8c1b-d06cce7d6d3c>.

Veal, A.J. (2006). *Research Methods for Leisure and Tourism. A Practical Guide*. Essex: Pearson Education Limited.

Zenker, S. og Kock, F. (2020). The coronavirus pandemic – a critical discussion of a tourism research agenda. *Tourism Management*, 81. DOI: 10.1016/j.tourman.2020.104164.

VIÐAUKI 1

SPURNINGALISTI FYRIR SÍMAKÖNNUN

Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu á tímum COVID-19 – spurningalisti fyrir símakönnun

1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga – hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus) – frekar lítilvæga – mjög lítilvæga - veit ekki, vil ekki svara)
2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustuna í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður – hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus) – frekar óánægður – mjög óánægður - veit ekki, vil ekki svara)
3. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga – hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus) – frekar lítilvæga – mjög lítilvæga - veit ekki, vil ekki svara)
4. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustuna í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður – hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus) – frekar óánægður – mjög óánægður - veit ekki, vil ekki svara)
3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þessar fjölskyldu? (svarmöguleikar: Mjög jákvæð, frekar jákvæð, hvorki jákvæð né neikvæð (engin áhrif), frekar neikvæð, mjög neikvæð, - veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um ferðamennsku á tímum Covid 19

4. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
5. Atvinnuleysi í ferðaþjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
6. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er heimabyggðin mín dauðlegri en áður [ef þarf: ekki eins lífleg og hún var] (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
7. Mér finnst jákvætt að erlendum ferðamönnum hafi fækkað umtalsvert hér á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
8. Ég upplifði skerta þjónustu í minni heimabyggð vegna fækkunar ferðamanna (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
9. Sumarið 2020 voru íslenskir ferðamenn meira áberandi hér á svæðinu en oft áður (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar sem snúa að því sem er framundan þegar COVID-19-faraldrinum lýkur

10. Það er mikilvægt fyrir mína heimabyggð að ferðaþjónustan nái fyrri styrk (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
11. Ég hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í mína heimabyggð (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
12. Við endurreisn ferðaþjónustunnar í minni heimabyggð þarf að leggja meiri áherslu á sjálfbærni en áður. [Ef þarf: Með sjálfbærni er átt við getu til að varðveita náttúru, umhverfi, menningararf og íbúa] (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
13. Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
14. Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

15. Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
16. Mér finnst að það eigi að draga úr komum hópferðamanna í mína heimabyggð, þar með töldum skemmtiskipafarþegum. (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
17. Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um viðbragð stjórnvalda

18. Mér finnst mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram stuðningi við ferðaþjónustuna með mótvægisáðgerðum til þess að draga úr áhrifum COVID-19 (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
19. Mér finnst stjórnvöld hafa gengið of hart fram í takmörkunum á landamærum vegna Covid-19 (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
20. Það er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til þess að ferðast um eigið land (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
21. Starfar þú við ferðaþjónustu?
 - a. Já
 - b. Nei >> Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?
 - Já
 - Nei >> Af hverju ekki?(Stutt svar) _____
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
- 98 Veit ekki
- 99 Vil ekki svara
22. Hvað hefur þú búið lengi þar sem þú býrð nú (þ.e. í sama pósthúsi)?
 - a. 5 ár eða skemur
 - b. 6-10 ár
 - c. 11-20 ár
 - d. 21-30 ár
 - e. Lengur en 30 ár
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
23. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?
 - a. Grunnskólanám eða minna (t.d. *grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf*)
 - b. Stúdentspróf eða iðnnám
 - c. Annað starfsnám
 - d. Háskólapróf
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
24. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
 - a. Í launuðu starfi
 - b. Sjálfstætt starfandi
 - c. Atvinnurekandi
 - d. Í námi
 - e. Á eftirlaunum
 - f. Öryrki
 - g. Í atvinnuleit
 - h. Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi
 - i. Heimavinnandi
 - j. Annað

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

26. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? [Stutt svar] _____

27. Er eitthvað að lokum sem þú vilt nefna varðandi áhrif Covid-19-faraldursins á þitt samfélag sem þér finnst ekki að hafa komið fram í þessari könnun? [Stutt svar] _____

Upplýsingar sem fást með þjóðskráráttakinu og er ekki spurt um

28. Kyn

a. Karl

b. Kona

29. Aldur (fæðingarár)

30. Póstnúmer

VIÐAUKI 2

NIÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR
TÍÐNITÖFLUR OG BAKGRUNNSGREINING

Viðauki 2 Niðurstöður símakönnunar í 101-Reykjavík - Tíðnitöflur og bakgrunnsgreining

Spurning 1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðapjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?

		Hvorki mikilvæga né					Fjöldi		Meðaltal
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítilvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	(með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,4%	1,4%	5,5%	33,1%	59,6%	525	399	4,5
Kyn	Karl	0,7%	0,8%	3,9%	31,2%	63,3%	278	208	4,6
	Kona	0,0%	2,0%	7,3%	35,3%	55,4%	248	191	4,4
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	7,8%	33,3%	58,8%	91	51	4,5
	30 - 44 ára	0,0%	1,0%	5,8%	39,8%	53,4%	170	103	4,5
	45 - 59 ára	0,0%	3,6%	4,5%	25,5%	66,4%	126	110	4,5
	60 ára og eldri	1,5%	0,7%	4,4%	31,9%	61,5%	139	135	4,5
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	3,0%	10,1%	33,6%	53,2%	34	25	4,4
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	0,9%	2,3%	38,9%	57,9%	122	90	4,5
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	0,0%	29,3%	70,7%	26	21	4,7
	Háskólapróf	0,6%	1,5%	5,5%	31,7%	60,7%	333	254	4,5
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	1,0%	5,3%	29,2%	64,6%	171	117	4,6
	6-10 ár	0,0%	1,3%	1,8%	38,3%	58,6%	89	64	4,5
	11-20 ár	0,0%	1,2%	4,0%	31,5%	63,3%	86	65	4,6
	21-30 ár	1,7%	1,9%	7,2%	26,3%	62,9%	61	50	4,5
	Lengur en 30 ár	0,9%	2,0%	5,3%	41,6%	50,2%	113	99	4,4
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,0%	0,4%	5,9%	37,5%	56,2%	259	189	4,5
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	1,1%	3,2%	28,6%	67,1%	108	84	4,6
	Í námi	0,0%	4,7%	10,1%	19,5%	65,7%	35	21	4,5
	Á eftirlaunum	3,2%	1,6%	3,2%	35,5%	56,5%	64	62	4,4
	Annað	0,0%	4,5%	0,0%	28,7%	66,9%	51	36	4,6
Starfar þú við ferðapjónustu? **	Já	0,0%	3,4%	1,4%	9,7%	85,6%	83	60	4,8
	Nei	0,5%	1,0%	5,3%	38,0%	55,2%	437	335	4,5

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðapjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?

		Hvorki mikilvæga né					Fjöldi		Meðaltal
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítilvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	(með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,6%	1,1%	4,5%	29,4%	64,4%	1376	1235	4,6
Búseta ***	Reykjavík (101)	0,4%	1,4%	5,5%	33,1%	59,6%	525	399	4,5
	Ísafjörður (400)	1,3%	1,7%	6,1%	38,3%	52,7%	463	380	4,4
	Mývatn (660)	0,0%	0,0%	1,5%	8,7%	89,8%	115	126	4,9
	Höfn (780)	0,0%	0,0%	1,1%	15,9%	83,0%	273	330	4,8

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 1. Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög lítilvæga	2	0,5%	0,5%
Frekar lítilvæga	6	1,5%	1,5%
Hvorki mikilvæga né lítilvæga	21	5,2%	5,3%
Frekar mikilvæga	129	31,9%	32,3%
Mjög mikilvæga	241	59,7%	60,4%
Gild svör	399	98,8%	100,0%
Gildir svarendur	399	98,8%	
Veit ekki	4	1,0%	
Vil ekki svara	1	0,2%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	404	100,0%	

Spurning 2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðapjónustuna í þinni heimabyggð?

		Hvorki ánægður né							
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	2,0%	8,0%	25,2%	43,2%	21,6%	498	376	3,7
Kyn *	Karl	0,8%	6,3%	23,1%	44,9%	24,8%	271	202	3,9
	Kona	3,4%	10,0%	27,7%	41,2%	17,7%	228	174	3,6
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	6,0%	18,0%	54,0%	22,0%	89	50	3,9
	30 - 44 ára	2,0%	9,0%	34,0%	38,0%	17,0%	165	100	3,6
	45 - 59 ára	3,8%	8,7%	18,3%	41,3%	27,9%	119	104	3,8
	60 ára og eldri	1,6%	7,4%	25,4%	44,3%	21,3%	126	122	3,8
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	6,9%	20,1%	46,2%	26,9%	32	23	3,9
	Stúdentspróf eða iðnnám	1,9%	4,4%	23,3%	39,9%	30,5%	115	84	3,9
	Annað starfsnám	0,0%	11,2%	28,3%	36,1%	24,4%	25	20	3,7
	Háskólapróf	2,4%	9,3%	25,5%	45,3%	17,5%	320	243	3,7
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	1,0%	9,6%	23,0%	44,7%	21,8%	170	115	3,8
	6-10 ár	3,2%	5,6%	31,6%	39,7%	19,7%	86	62	3,7
	11-20 ár	1,3%	2,0%	24,2%	53,5%	19,0%	81	61	3,9
	21-30 ár	4,1%	7,4%	26,4%	34,8%	27,4%	53	44	3,7
	Lengur en 30 ár	2,2%	12,4%	21,7%	41,3%	22,4%	105	92	3,7
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	1,8%	6,6%	29,3%	42,9%	19,4%	249	181	3,7
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	2,2%	11,6%	18,1%	42,8%	25,3%	106	82	3,8
	Í námi	0,0%	8,3%	20,0%	56,1%	15,5%	34	20	3,8
	Á eftirlaunum	3,6%	7,1%	23,2%	39,3%	26,8%	58	56	3,8
	Annað	2,5%	8,6%	18,2%	47,5%	23,2%	46	32	3,8
Starfar þú við ferðapjónustu? *	Já	0,0%	8,9%	17,3%	37,1%	36,7%	81	59	4,0
	Nei	2,4%	7,8%	26,3%	44,7%	18,8%	415	315	3,7

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðapjónustuna í þinni heimabyggð?

		Hvorki ánægður né							
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,2%	4,8%	16,2%	48,0%	29,7%	1334	1200	4,0
Búseta ***	Reykjavík (101)	2,0%	8,0%	25,2%	43,2%	21,6%	498	376	3,7
	Ísafjörður (400)	0,4%	2,4%	11,1%	57,4%	28,8%	451	371	4,1
	Mývatn (660)	0,9%	6,6%	13,6%	47,5%	31,3%	114	125	4,0
	Höfn (780)	1,2%	2,2%	9,3%	41,5%	45,7%	271	328	4,3

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 2. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög óánægður	8	2,0%	2,1%
Frekar óánægður	30	7,4%	8,0%
Hvorki ánægður né óánægður	93	23,0%	24,7%
Frekar ánægður	162	40,1%	43,1%
Mjög ánægður	83	20,5%	22,1%
Gild svör	376	93,1%	100,0%
Gildir svarendur	376	93,1%	
Veit ekki	22	5,4%	
Vil ekki svara	5	1,2%	
Svöruðu ekki	1	0,2%	
Heildarfjöldi	404	100,0%	

Spurning 3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þinnar fjölskyldu?

		Hvorki jákvæð né neikvæð								
		Mjög neikvæð	Frekar neikvæð	neikvæð (hlutlaus)	Frekar jákvæð	Mjög jákvæð	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal	
		%	%	%	%	%	N	N		
	Fjöldi	13,5%	23,2%	59,1%	2,1%	2,0%	530	402	2,6	
Kyn	Karl	14,4%	20,6%	59,0%	2,6%	3,4%	282	211	2,6	
	Kona	12,5%	26,2%	59,2%	1,6%	0,4%	249	191	2,5	
Aldur	18 - 29 ára	13,5%	23,1%	53,8%	5,8%	3,8%	93	52	2,6	
	30 - 44 ára	17,3%	23,1%	55,8%	1,0%	2,9%	171	104	2,5	
	45 - 59 ára	13,4%	26,8%	57,1%	1,8%	0,9%	128	112	2,5	
	60 ára og eldri	9,0%	20,1%	68,7%	1,5%	0,7%	138	134	2,6	
Menntun	Grunnskólanám eða minna	11,7%	28,3%	51,8%	0,0%	8,3%	34	25	2,6	
	Stúdentspróf eða iðnnám	16,9%	24,0%	54,9%	1,4%	2,8%	124	92	2,5	
	Annað starfsnám	23,3%	30,0%	43,0%	3,7%	0,0%	28	22	2,3	
	Háskólapróf	12,0%	21,8%	62,3%	2,5%	1,3%	336	256	2,6	
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	15,9%	24,5%	54,4%	3,0%	2,3%	175	119	2,5	
	6-10 ár	9,7%	23,8%	60,7%	2,0%	3,8%	90	65	2,7	
	11-20 ár	12,8%	23,7%	61,6%	0,0%	1,9%	86	65	2,5	
	21-30 ár	9,3%	26,6%	57,9%	3,6%	2,7%	61	50	2,6	
	Lengur en 30 ár	16,2%	18,6%	63,3%	1,9%	0,0%	114	100	2,5	
Staða á vinnumarkaði ***	Í launuðu starfi	9,0%	19,8%	65,9%	2,0%	3,4%	262	192	2,7	
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	23,5%	26,9%	46,0%	2,0%	1,6%	111	86	2,3	
	Í námi	19,5%	19,5%	56,0%	5,1%	0,0%	35	21	2,5	
	Á eftirlaunum	3,3%	21,3%	73,8%	1,6%	0,0%	63	61	2,7	
	Annað	25,7%	39,1%	33,0%	2,2%	0,0%	51	36	2,1	
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	42,5%	31,8%	23,7%	0,0%	2,0%	83	60	1,9	
	Nei	8,2%	21,6%	65,6%	2,6%	2,0%	443	339	2,7	

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 3. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög neikvæð	52	12,9%	12,9%
Frekar neikvæð	93	23,0%	23,1%
Hvorki jákvæð né neikvæð	242	59,9%	60,2%
Frekar jákvæð	8	2,0%	2,0%
Mjög jákvæð	7	1,7%	1,7%
Gild svör	402	99,5%	100,0%
Gildir svarendur	402	99,5%	
Veit ekki	0	0,0%	
Vil ekki svara	1	0,2%	
Svöruðu ekki	1	0,2%	
Heildarfjöldi	404	100,0%	

Spurning 3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þinnar fjölskyldu?

		Hvorki jákvæð né neikvæð								
		Mjög neikvæð	Frekar neikvæð	neikvæð (hlutlaus)	Frekar jákvæð	Mjög jákvæð	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal	
		%	%	%	%	%	N	N		
	Fjöldi	12,1%	19,2%	65,4%	2,2%	1,2%	1379	1235	2,6	
Búseta ***	Reykjavík (101)	13,5%	23,2%	59,1%	2,1%	2,0%	530	402	2,6	
	Ísafjörður (400)	5,9%	14,5%	75,9%	3,3%	0,4%	465	382	2,8	
	Mývatn (660)	22,7%	22,3%	53,2%	1,7%	0,0%	115	126	2,3	
	Höfn (780)	15,3%	18,1%	64,7%	0,7%	1,2%	269	325	2,5	

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,4%	2,2%	5,5%	35,3%	55,7%	520	395	4,4
Kyn	Karl	2,3%	2,4%	4,0%	33,3%	58,0%	276	208	4,4
	Kona	0,5%	1,8%	7,1%	37,5%	53,0%	244	187	4,4
Aldur *	18 - 29 ára	2,0%	2,0%	8,0%	40,0%	48,0%	89	50	4,3
	30 - 44 ára	2,0%	2,9%	6,9%	38,2%	50,0%	168	102	4,3
	45 - 59 ára	1,8%	2,7%	4,5%	33,0%	58,0%	128	112	4,4
	60 ára og eldri	0,0%	0,8%	3,1%	30,5%	65,6%	135	131	4,6
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	4,9%	10,1%	38,1%	46,9%	34	25	4,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	2,4%	1,5%	1,7%	39,0%	55,4%	122	91	4,4
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	6,4%	31,0%	62,6%	28	22	4,6
	Háskólapróf	1,3%	2,3%	6,0%	34,4%	55,9%	332	253	4,4
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	2,0%	2,9%	3,8%	35,8%	55,5%	173	118	4,4
	6-10 ár	0,0%	0,0%	6,1%	39,1%	54,9%	90	65	4,5
	11-20 ár	0,0%	1,9%	9,3%	34,4%	54,4%	85	64	4,4
	21-30 ár	2,7%	5,5%	1,7%	27,4%	62,7%	61	50	4,4
	Lengur en 30 ár	2,1%	1,0%	6,9%	36,6%	53,4%	111	97	4,4
Staða á vinnumarkaði *	Í launuðu starfi	1,3%	2,1%	3,8%	44,2%	48,6%	259	189	4,4
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	1,0%	2,6%	9,9%	19,2%	67,3%	109	85	4,5
	Í námi	5,1%	5,1%	9,7%	39,3%	40,8%	35	21	4,1
	Á eftirlaunum	0,0%	0,0%	1,7%	28,3%	70,0%	62	60	4,7
	Annað	2,2%	2,2%	4,5%	30,9%	60,1%	51	36	4,4
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	1,4%	0,0%	2,8%	29,4%	66,5%	83	60	4,6
	Nei	1,4%	2,6%	6,0%	36,5%	53,5%	436	334	4,4

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	5	1,2%	1,3%
Frekar ósammála	8	2,0%	2,0%
Hvorki né	20	5,0%	5,1%
Frekar sammála	136	33,7%	34,4%
Mjög sammála	226	55,9%	57,2%
Gild svör	395	97,8%	100,0%
Gildir svarendur	395	97,8%	
Veit ekki	6	1,5%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	3	0,7%	
Heildarfjöldi	404	100,0%	

Spurning 4_a. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,0%	3,6%	5,4%	34,8%	55,2%	1355	1219	4,4
Búseta ***	Reykjavík (101)	1,4%	2,2%	5,5%	35,3%	55,7%	520	395	4,4
	Ísafjörður (400)	1,2%	6,9%	8,3%	41,2%	42,3%	448	369	4,2
	Mývatn (660)	0,8%	2,3%	0,8%	22,4%	73,8%	115	126	4,7
	Höfn (780)	0,0%	1,4%	2,3%	28,5%	67,8%	272	329	4,6

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_b. Atvinnuleysi í ferðapjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu

		Mjög	Frekar	Hvorki né	Frekar	Mjög	Fjöldi	Fjöldi	Meðaltal
		ósammála	ósammála		sammála	sammála	(með vigt)		
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,6%	4,5%	12,4%	38,2%	43,3%	444	336	4,2
Kyn	Karl	2,6%	5,1%	11,2%	42,3%	38,9%	239	179	4,1
	Kona	0,5%	3,9%	13,9%	33,4%	48,4%	204	157	4,3
	Aldur	18 - 29 ára	0,0%	2,3%	23,3%	39,5%	34,9%	77	43
	30 - 44 ára	1,1%	5,7%	9,2%	40,2%	43,7%	143	87	4,2
	45 - 59 ára	3,0%	6,0%	13,0%	37,0%	41,0%	115	100	4,1
	60 ára og eldri	1,9%	2,8%	8,5%	35,8%	50,9%	109	106	4,3
Menntun *	Grunnskólanám eða minna	8,8%	0,0%	27,5%	32,1%	31,6%	25	18	3,8
	Stúdentspróf eða iðnnám	2,3%	6,7%	16,4%	33,2%	41,4%	100	74	4,0
	Annað starfsnám	0,0%	6,8%	12,1%	43,5%	37,6%	24	19	4,1
	Háskólapróf	0,6%	3,3%	10,0%	40,0%	46,1%	290	220	4,3
Lengd búsetu á því svæði *	5 ár eða skemur	3,3%	6,8%	11,5%	40,3%	38,1%	148	101	4,0
	6-10 ár	1,5%	0,0%	15,4%	33,8%	49,3%	77	55	4,3
	11-20 ár	0,0%	5,3%	15,0%	41,8%	37,9%	74	56	4,1
	21-30 ár	2,4%	5,9%	22,9%	27,7%	41,0%	47	38	4,0
	Lengur en 30 ár	0,0%	2,3%	4,5%	41,2%	52,0%	96	85	4,4
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,5%	3,3%	10,2%	41,6%	44,4%	219	160	4,3
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	2,8%	3,5%	15,7%	44,8%	33,2%	99	77	4,0
	Í námi	0,0%	0,0%	23,2%	33,4%	43,4%	30	18	4,2
	Á eftirlaunum	4,3%	2,1%	10,6%	25,5%	57,4%	48	47	4,3
	Annað	2,6%	16,8%	12,0%	22,1%	46,4%	43	30	3,9
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	0,0%	2,3%	10,8%	47,7%	39,3%	72	52	4,2
	Nei	1,9%	4,7%	12,8%	36,5%	44,1%	370	283	4,2

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_b. Atvinnuleysi í ferðapjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu

		Mjög	Frekar	Hvorki né	Frekar	Mjög	Fjöldi	Fjöldi	Meðaltal
		ósammála	ósammála		sammála	sammála	(með vigt)		
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	3,3%	11,1%	21,0%	33,7%	31,0%	1151	1045	3,8
Búseta ***	Reykjavík (101)	1,6%	4,5%	12,4%	38,2%	43,3%	444	336	4,2
	Ísafjörður (400)	4,6%	19,7%	27,4%	31,3%	17,1%	350	287	3,4
	Mývatn (660)	3,3%	7,3%	23,4%	32,4%	33,6%	110	121	3,9
	Höfn (780)	4,4%	12,3%	26,1%	29,9%	27,4%	248	301	3,6

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_b. Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	6	1,5%	1,8%
Frekar ósammála	15	3,7%	4,5%
Hvorki né	40	9,9%	11,9%
Frekar sammála	127	31,4%	37,8%
Mjög sammála	148	36,6%	44,0%
Gild svör	336	83,2%	100,0%
Gildir svarendur	336	83,2%	
Veit ekki	64	15,8%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	4	1,0%	
Heildarfjöldi	404	100,0%	

Spurning 4_c. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er heimabyggðin mín dauflegri en áður

	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
	%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	3,2%	9,1%	6,7%	30,2%	512	389	4,2
Kyn	Karl	4,4%	7,1%	5,5%	30,7%	273	205	4,2
	Kona	1,8%	11,5%	8,0%	29,6%	239	184	4,1
Aldur *	18 - 29 ára	6,1%	10,2%	8,2%	28,6%	87	49	4,0
	30 - 44 ára	2,0%	15,0%	8,0%	32,0%	165	100	4,0
	45 - 59 ára	2,7%	6,4%	4,5%	29,1%	126	110	4,3
	60 ára og eldri	3,1%	3,8%	6,2%	30,0%	134	130	4,3
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	10,6%	15,7%	21,5%	31	23	4,2
	Stúdentspróf eða iðnnám	8,6%	3,7%	6,1%	28,4%	120	89	4,1
	Annað starfsnám	0,0%	17,7%	13,2%	23,4%	25	20	4,0
	Háskólapróf	1,8%	10,5%	5,7%	31,4%	329	251	4,2
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	6,7%	11,7%	5,4%	28,1%	170	116	4,0
	6-10 ár	1,1%	5,5%	9,6%	32,7%	90	65	4,3
	11-20 ár	2,0%	8,1%	7,8%	34,9%	81	61	4,2
	21-30 ár	1,7%	5,7%	2,7%	38,8%	61	50	4,3
	Lengur en 30 ár	1,1%	10,9%	7,8%	22,3%	109	96	4,3
Staða á vinnumarkaði **	Í launuðu starfi	3,3%	13,6%	4,8%	34,2%	255	186	4,0
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	1,1%	6,3%	6,6%	21,8%	107	83	4,4
	Í námi	10,1%	9,4%	24,5%	16,6%	35	21	3,7
	Á eftirlaunum	3,3%	1,6%	8,2%	31,1%	63	61	4,3
	Annað	2,4%	2,4%	2,2%	32,0%	48	34	4,5
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	2,2%	11,0%	7,0%	29,0%	82	59	4,2
	Nei	3,4%	8,8%	6,7%	30,2%	429	329	4,2

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_c. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er heimabyggðin mín dauflegri en áður

	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
	%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	3,7%	10,3%	7,5%	32,8%	1344	1213	4,1
Búseta ***	Reykjavík (101)	3,2%	9,1%	6,7%	30,2%	512	389	4,2
	Ísafjörður (400)	5,9%	15,5%	9,7%	36,5%	448	372	3,7
	Mývatn (660)	3,3%	8,2%	6,6%	29,4%	113	124	4,2
	Höfn (780)	1,5%	4,9%	5,8%	33,3%	272	328	4,3

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_c. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	12	3,0%	3,1%
Frekar ósammála	32	7,9%	8,2%
Hvorki né	25	6,2%	6,4%
Frekar sammála	117	29,0%	30,1%
Mjög sammála	203	50,2%	52,2%
Gild svör	389	96,3%	100,0%
Gildir svarendur	389	96,3%	
Veit ekki	7	1,7%	
Vil ekki svara	2	0,5%	
Svöruðu ekki	6	1,5%	
Heildarfjöldi	404	100,0%	

Spurning 4_d. Mér finnst jákvætt að erlendum ferðamönnum hafi fækkað umtalsvert hér á svæðinu

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	37,2%	25,8%	15,4%	15,3%	6,3%	520	396	2,3
